



## /// Aðgerðir stjórnvalda fyrir einstaklinga



Of litlar	41,0%
Hæfilegar	55,6%
Of miklar	3,5%

## /// Aðgerðir stjórnvalda fyrir fyrirtæki



Of litlar	18,5%
Hæfilegar	63,7%
Of miklar	17,8%

# Heimilin þurfi meiri aðstoð

Tæp 56 prósent telja aðgerðir stjórnvalda fyrir einstaklinga hæfilegar en 41 prósent að meira þurfi að gera. Fleiri telja aðgerðir fyrir fyrirtæki hæfilegar.

**EFNAHAGSMÁL** Meiri ánægja ríkir með þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa þegar kynnt fyrir fyrirtæki í landinu en fyrir einstaklinga. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið. Könnunin var framkvæmd eftir að stjórnvöld kynntu síðustu aðgerðir sínar í efnahagsmálum vegna COVID-19.

Af þeim sem taka afstöðu telja tæp 64 prósent að aðgerðir stjórnvalda fyrir fyrirtæki séu hæfilegar. Álika mörgum finnst aðgerðirnar of miklar eða of litlar. Þannig segja 18,5 prósent að aðgerðirnar séu of litlar en 17,8 prósent telja þær of miklar.

Tæplega 56 prósent þeirra sem taka afstöðu telja aðgerðir fyrir einstaklinga hæfilegar, 41 prósent finnst aðgerðir stjórnvalda fyrir einstaklinga of litlar en aðeins 3,5 prósent telja þær of miklar.

„Þessar niðurstöður koma manni í sjálfu sér ekki á óvart. Það eru auðvitað mjög margir í þeirri stöðu að óttast um afkomu sína. Núna verður að fara að fókusera á þessa grunnskyldu sem er að gæta þess að

afkoma fólks sé tryggð,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Fólk sjái það ekki endilega í gegnum þær aðgerðir fyrir fyrirtæki sem kynntar hafa verið þótt það hafi verið hluti af því.

„Það er alveg ljóst að gera þarf meira fyrir heimilin. Þar höfum við auðvitað sérstaklega verið að tala fyrir hækkun atvinnuleysisbóta og fjölgun starfa,“ segir Drífa.

Ef horft er á menntunarstig skera þeir sem hafa lokið grunnskólaprófi eða minna sig úr. 62 prósent þeirra telja aðgerðir fyrir einstaklinga of litlar. Þá eykst hlutfall þeirra sem telja of lítið gert með minni tekjum.

Könnunin sem var send á könnunarhóp Zenter rannsókna var framkvæmd 1. til 4. maí. Í úrtaki voru 2.300 manns 18 ára og eldri en svarhlutfall var 53 prósent. Gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu. – sar

FRÉTTABLAÐIÐ

Nánar á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)


## Nýttu hlutabætur eftir arðgreiðslu

**VÍÐSKIPTI** Smásölufélagin Hagar og Skeljungur hafa haldið áfram endurkaupum á eigin bréfum samhliða því að setja starfsfólk á hlutabótaleiðina.

Skeljungur, sem er með rúmlega helming starfsmanna í skertu

starfshlutfalli, greiddi auk þess 600 milljóna króna arð í byrjun apríl.

Forstjóri Skeljungs segir að starfshlutfall hafi verið skert til að forðast uppsagnir. Laun hans og framkvæmdastjórnar hafi verið lækkuð verulega. – þfh / sjá síðu 10



Þau sem tóku göngutúr á Skarfabakka í Sundahöfn í Reykjavík gær virtu bæði fjarlægðarregluna um tvo metra og hægri umferðarréttinn í hvívetna. Engin ný COVID-smit greindust hér þriðja daginn í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




## Hágæða harðparket í miklu úrvali

Harðparket er með einstaklega sterkt yfirborð sem býður upp á mikinn umgang og viðhaldið er svo til ekkert, svo er það líka fallett!

**Parki**  
INTERIORS

## Veður



Snýst í norðan 5-10 m/s síðdegis og þykkar upp um norðanvert landið með lítils háttar slyddu-éljum, en léttir til syðra. Hiti 6 til 13 stig að deginum, hlýjast á Suðausturlandi, en kólnar norð-austan til. **SJÁ SIÐU 18**



Rauða torgið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Veiran breiðist út í Rússlandi

**COVID-19** Þrátt fyrir að jákvæðari tíðindi af baráttunni við COVID-19 berist frá mörgum af nágrannaríkjum okkar berast slæmar fréttir frá öðrum ríkjum.

Fjórða daginn í röð voru yfir tíu þúsund tilfelli í Rússlandi og er landið farið að nálgast Þýskaland, Frakkland, Bretland og Ítalíu í fjölda smitadra þegar hægst hefur á útbreiðslu veirunnar í þessum ríkjum.

» Fræðimenn óttast að allt að 1,6 milljónir manna hafi nú smitast í Brasilíu.


Kórónaveiran var lengi að ná fótfestu í Rússlandi og voru 63 staðfest tilfelli í landinu 15. mars, mánuði eftir að fyrsta tilfellið greindist í landinu.

Undanfarna daga hafa rússnesk stjórnvöld lagt aukna áherslu á að skima eftir veirunni og með því hefur fjöldi tilfella margfaldast á stuttum tíma.

Á sama tíma er óttast að í Brasilíu séu fleiri smitadír en í nokkru öðru ríki þó að fá tilfelli hafi verið staðfest. Búið er að staðfesta að 101 þúsund eru smitadír í Brasilíu og bætast fimm þúsund við daglega en fræðimenn við háskóla í São Paulo óttast að allt að 1,6 milljónir séu smitadar.

Það er annar tónn í ríkjum sem liggja okkur nær því í gær var tilkynnt um næstu skref í tilslökunum á samkomubanni í Þýskalandi sem gerir knattspyrnudeildinni kleift að hefja leik á ný í næstu viku. – kpt

## Vor í Reykjavíkurböfn



Brúin á landsmönnum hefur verið að léttast að undanförunni í takt við risandi sól og jákvæðar fréttir af undanhaldi COVID-19 sjúkdómsins. Í gömlu höfninni í Reykjavík ægir saman fleyjum af öllu tagi. Sum er verið að lagfæra eins og skipið sem stendur í slippnum við Mýrargötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## 40 milljónir í markaðsáttak

**AKUREYRI** Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti í gær að verja allt að 40 milljónum í markaðssetningu innanlands til að styðja við ferða- og menningarstarfsemi í bænum. Allir ellefu fulltrúar bæjarstjórnar samþykktu tillöguna og auglýst verður eftir umsóknum á næstu vikum. Með COVID-19 faraldrinum hefur ferðaþjónustan á Íslandi hrundið og hafa fyrirtæki á Akureyri fundið fyrir því.

Í tilkynningu Akureyrarbæjar kemur fram að sett verði af stað markaðsáttak fyrir Akureyri á innanlandsmarkaði. Byggt verði á sérstöðunni sem Akureyri býður upp á, nánd við náttúruna og útivistarmöguleika í bland við iðandi mannlíf, afþreyingu, verslun og fyrsta flokks þjónustu. Þá verður styrktarsjóður settur á laggirnar sem ætlað er að styðja við markaðsáttakið og auka framboð afþreyingar á Akureyri. – kpt

# Fólk ómeðvitað um kolefnisspor netsins

Þrjú nemendur við Tækniskólann unnu til verðlauna hjá Landvernd fyrir myndband um kolefnisspor samfélagsmiðla og streymisveita. Þeir segja þetta mikið vandamál sem fái séu meðvitaðir um, enda mengunin ekki sýnileg.

**UMHVERFISMÁL** Þrjú sextán ára nemendur við Tækniskólann, Axel Bjarkar Sigurjónsson, Hálfán Helgi Matthíasson og Sölvi Bjartur Ingólfsson, eru sigurvegarar keppinnar Ungt umhverfisfréttafólk sem Landvernd stendur fyrir. Er það fyrir myndbandið Mengun með miðlum sem þeir bjuggu til í skólanum um kolefnisspor samfélagsmiðla og streymisveita.

Piltarnir, sem allir eru á fyrsta ári á vísinda- og tæknibraut, bjuggu myndbandið til á aðeins tveimur vikum sem lokaverkefni annar.

„Ég fékk hugmyndina að því að rannsaka mengun af völdum samfélagsmiðla og streymisveita eftir að ég hlustaði á hlaðvarp þar sem þetta var rætt,“ segir Axel. „Þetta er að verða stærra og stærra vandamál eftir því sem notkun netsins eykst. Samkvæmt okkar heimildum eru fyrirtækin þó að gera sinn hlut til að reyna að minnka sporið.“

Í myndbandinu, sem er um 12 mínútur að lengd og má nálgast á Youtube, koma fram ýmsar sláandi staðreyndir og tölur um orkunotkun vegna samfélagsmiðla. Í hvert sinn sem fólk opnar smáforrit, setur læk við mynd, streymir myndbandi eða hleður upp ljósmyndun, er notuð orka. Gögnin eru geymd í orkufrekum gagnaverum, sem oft eru neðanjarðar og þurfa mikla loftkælingu.

Piltarnir taka nokkur dæmi af losuninni, mældri í metratonnum, en hver bill losar að meðaltali 4,6 metratonn á ári. Facebook, sem 26 prósent jarðarbúa nota að staðaldri, losaði 718 þúsund metratonn árið 2016. Á Snapchat eru send 3 milljarðar myndbanda á dag, 0,1 grömm hvert, sem gerir því 300 metratonn.



Axel, Hálfán og Sölvi eru framtíðarfólk í kvikmyndagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

●● Mestu skiptir að fólk sé meðvitað um þetta vandamál og hugsi um leiðir til að minnka það.

Axel Bjarkar Sigurjónsson, nemi við Tækniskólann

Instagram og Twitter eru líka tekin fyrir, en það sé þó lítið miðað við streymisveitur eins og Netflix og Youtube. Nefna þeir sem dæmi að við að njóta lagsins Despacito, sem kom út árið 2017, notaði heimurinn meiri orku en Afríkuríkin Sierra Leóne, Sómalía, Tjad og Miðafrikulýðveldið nota á einu ári.

Piltarnir gefa einnig ráð um hvernig best sé að minnka notkunina, svo sem með því að slökva á autoplay-möguleikum, ekki áskrifandi að ruslpósti og nota fremur WiFi- en 4G-tengingar. „Mestu skiptir að fólk sé meðvitað um þetta vandamál og hugsi um leiðir til að minnka það,“ segir Axel. „Til dæmis að nota miðlana minna og hlaða ekki inn hlutum að óþörfu.“ Piltarnir gera sér þó fyllilega grein fyrir að samfélagsmiðlar hverfa ekki á næstunni, þeir séu hluti af nútímanum og til margra hluta nýtsamlegir. Til dæmis til að fræða fólk um umhverfismál. kristinnhaukur@frettabladid.is

Slitsterk  
**TEPPI**  
fyrir stigaganga

KOMUM  
Á STAÐINN  
OG GERUM  
TILBOÐ

**ALLIR VINNA**

Skútuvogi 6  
104 Reykjavík  
Sími: 568 67 55  
alfaborg.is

- síðan 1986 -

# LÁTTU ÞÉR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,  
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

# LÍÐA VEL

LUR.IS

Dönsk  
gæði

Lama®

Danskt handverk  
síðan 1939



Öll sæti  
og bak  
stillanlegt

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi



BRUNSTAD

Brunstad  
hvíldarstóll



Öll sæti  
stillanleg

ISABELLA hægindasófi.  
Sjá nánar á lur.is



Stillanleg  
rúm

Svefnsofar í miklu úrvali.



Margar  
stærðir

BUGATTI®  
ITALY



SITTING VISION  
hvíldarstólar



Öll sæti  
stillanleg

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is



Stillanlegur  
höfuðpúði

GRACE hægindastóll



ORACOL tungusófi

CALIA  
ITALIA

CALIA  
ITALIA



JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORD • SÆNGUR



VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK  
Opíð alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LUR  
BETRI HVÍLD

# Athafnamaður vill reisa sex þúsund fermetra flugskýli í Keflavík

**STJÓRNSÝSLA** „Ég hef verið að sækja um lóðir hjá Isavia síðustu þrjú ár til að ráðast í atvinnuuppbyggingu á Keflavíkurflugvelli, nú fæ ég þau svör að ég fái ekki lóð því Isavia er ekki með samning við ríkið,“ segir Hilmar Á. Hilmarsson athafnamaður.

Bjargfastur ehf., fyrirtæki Hilmars, falast eftir leigulóð til að reisa sex þúsund fermetra flugskýli og reisa 600 fermetra skrifstofubyggingu fyrir ýmiss konar flugstarfsemi inni á flugvallarsvæðinu í Keflavík. Fyrirtækið sem mun nota lóðina er Ace Fbo ehf., sem sér um afgreiðslu fyrir einkapotur og herflugvélar. ACE FB er nú með sams konar starfsemi í flugskýli 1 á Reykjavíkurflugvelli, sem var friðað nýverið.

Hilmar segir allt tilbúið fyrir uppbyggingu, bæði teikningar og deiliskipulag af hálfu sveitarfélagsins. Það eina sem vantar sé lóðin.

Flugskýlið byggir á sömu teikningu og þetta skýli á Gatwick-flugvelli.



Flugskýlið byggir á sömu teikningu og þetta skýli á Gatwick-flugvelli.

„Ég hef fengið þau svör frá Isavia að þetta strandi á því að það sé ekki samningur við ríkið um lóðina. Formlega eigi ríkið lóðina og þeir geti ekkert gert fyrr en það sé komið,“ segir Hilmar. „Það er fjaránlegt að eitthvað sem myndi skapa atvinnu á Suðurnesjum strandi á skriffinnsku. Nú er kjörið tækifæri fyrir uppbyggingu. Við höfum tapað viðskiptum til annarra landa því það eru engin flugskýli laus.“

Samkvæmt upplýsingum frá Isavia er undirbúningur fyrir útboð langt kominn. Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, segir lóðamálin í eðlilegu ferli.

„Lóðir á Keflavíkurflugvallarsvæðinu eru auðvitað takmörkuð gæði og ekki afhentar til einstakra aðila öðruvísi en að undangengnu auglýstu og opnu útboði. Undirbúningur undir útboð lóða er í eðlilegu ferli,“ segir Guðjón. – ab



Pórolfur Guðnason sóttvarnalæknir.

## Flýta afléttingu takmarkana

**COVID 19** Pórolfur Guðnason sóttvarnalæknir sagðist í gær hafa ákveðið í samráði við heilbrigðisráðherra að flýta næstu aðgerðum í afléttingu samkomutakmarkana. Næsta skref verði 25. maí, viku fyrr en áætlað var.

Þriðja daginn í röð voru engin staðfest tilfelli af COVID-19 á Íslandi og voru 39 með virkt smit í gær. Undanfarna átta daga hafa tveir greinst en 88 manns náð bata.

Kynnt verður síðar hver ný fjöldatakmark verða eftir mailok. Pórolfur sagði að rætt hefði verið um að hið minnsta hundrað manns. – kpt

## Málum fjölga hjá Barnavernd

**VELFERÐARMÁL** Tilkynningum sem bárust Barnavernd Reykjavíkur fjölgaði um 15 prósent í apríl miðað við sama mánuð í fyrra. Alls bárust 468 tilkynningar um 332 börn.

Fyrstu fjóra mánuði ársins barst 1.731 tilkynning vegna 1.590 barna. Í báðum tilvikum er aukningin um níu prósent frá sama tíma í fyrra.

Alls voru 220 tilkynninganna í apríl vegna vanrækslu, 135 vegna áhættuhegðunar barna og 113 vegna ofbeldis.

Í 71 tilvikum var barn metið í yfirvofandi hættu. Fyrstu fjóra mánuði ársins eru slík tilvik 241 talsins en voru 189 á sama tíma á síðasta ári.

Í apríl voru alls 2.057 virk mál á borði Barnaverndar Reykjavíkur og hafa þau aldrei verið fleiri. – sar

# Fjármálaeftirlit Dana sigar lögreglu á smálánafyrirtæki

Danska fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt starfsemi eCommerce 2020, sem bauð upp á smálán á Íslandi, til lögreglu þar í landi fyrir brot á lögum um peningabætti. Starfsemin var nýverið færð til Íslands sem Núnú. Framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna segir ekki ráðlagt að stunda viðskipti við fyrirtækið.

**NEYTENDUR** Danska fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt starfsemi eCommerce2020, sem bauð upp á smálán á Íslandi, til lögreglu fyrir brot á lögum um peningabætti. eCommerce2020, sem er í eigu Kredia Group, hélt úti vörumerkjum Kredia, Múla, 1909 og Hraðpeningum.

Orka Holding keypti allt hlutfé Kredia Group í byrjun apríl og hefur fært starfsemina yfir í félagið Núnú sem skráð er á Íslandi. Núnú býður upp á lán á bilinu 10 til 20 þúsund krónur með 11,27 prósent vöxtum.

Ondrej Šmakal, sem átti Kredia Group, er nú forstjóri Orka Ventures. Eigandi og stjórnarformaður Orka Ventures og Núnú er Leifur Alexander Haraldsson, sem átti á tímabili félagin Kredia og Smálán áður en þau fóru í þrot fyrir nokkrum árum.

Tilkynning fjármálaeftirlitsins danska snýr að vörnum eCommerce 2020 þegar kemur að peningabætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, þarf að vera búið að gera áreiðanleikakönnun á viðskiptamanni áður en lán er veitt. Segir í bréfi fjármálaeftirlitsins að fyrirtækinu sé gert að ráðast í úrbætur án tafar. Segir einnig að eCommerce 2020 hafi einungis veitt lán á Íslandi.

Šmakal vill ekki tjá sig um málið og segir að hann sé hættur afskiptum af starfseminni á Íslandi. Ekki náðist í Leif Haraldsson við vinnslu fréttarinnar.

Í tilkynningu sem Leifur gaf frá sér nýverið segir hann að viðskiptamódel Núnú verði annað en Kredia Group sem hafi verið „á skjön við



Danska lögreglan hefur nú mál eCommerce2020 á sínu borði. MYND/GETTY



Leifur Haraldsson, stjórnarformaður Orka Ventures

flest okkar samfélagslegu gildi“.

Neytendasamtökin hafa staðið í stappi við Kredia Group og Almenna innheimtu síðasta árið. Hluti baráttunnar snýst um ólögleg lán sem eCommerce2020 hefur veitt undir því yfirskini að lánin væru dönsk þar sem fyrirtækið væri staðsett í Danmörku. Neytendastofa komst að þeirri niðurstöðu í fyrra að starfsemin félli undir íslensk lög enda lánin veitt og innheimt á Íslandi. Málið er nú á borði áfrýj-

unarnefndar neytendamála.

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, segist vona að nýlegar breytingar á lögum um neytendalán muni tryggja að fyrri viðskiptahættir smálánafyrirtækja séu liðnir undir lok. „Við sjáum ekki annað á þessari stundu en að Núnú starfi innan ramma laganna en í ljósi alls sem á undan er gengið getum við ekki ráðlagt neinum að eiga viðskipti við fyrirtæki sem er stýrt af, eða er í eigu manna sem hafa komið að eCommerce2020,“ segir Brynhildur.

Hún segir helsta áhyggjuefnið í dag vera innheimtu útstandandi skulda við eCommerce2020. Vefsíður vörumerkja Kredia Group vísa nú á vefNúnú og þeim sem eru með útstandandi lán er bent á vef

Það er kannski svolítið dæmigert fyrir þetta mál allt að það sé dönsk eftirlitsstofnun sem stöðvi starfsemi fyrirtækis sem hefur komist upp með ólögleg okurlán á íslenskum lánamarkaði.

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna



Almennrar innheimtu til að semja um greiðslur.

Almenn innheimta er ekki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, heldur Lögmannafélagsins. „Við erum með þó nokkuð mörg mál þar sem fólk er klárlega búið að ofgreiða og skuldar ekkert en það hefur aldrei komið til tals hjá þessum fyrirtækjum eða Almennri innheimtu að endurreikna lánin og greiða lán-takendum það sem þeim ber,“ segir Brynhildur.

„Fólk þyrfti að fara fyrir dómstóla og það borgar sig tæplega. Þess vegna er svo mikilvægt að ólögleg starfsemi sé stöðvuð og að fyrirtæki geti ekki starfað án alls eftirlits og raunhæfra úrræða. Það er kannski svolítið dæmigert fyrir þetta mál allt að það sé síðan dönsk eftirlitsstofnun sem stöðvi starfsemi fyrirtækis sem hefur komist upp með ólögleg okurlán á íslenskum lánamarkaði.“ arib@frettabladid.is

## FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ Á NÝJUM DEKKJUM!



### FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum fyrir fólkubíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði. Uppgefið verð er heill umgangur eða **4 DEKK MEÐ VSK.**

Þekkt merki í boði s.s.: Michelin, Goodyear, Pirelli, Bridgestone, Firestone, Continental, Kumho og Falken. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um hvaða dekk og stærðir eru í boði:

195/55R16 - 4 stk. sumardekk - 49.000 kr.	265/60R17 - 4 stk. sumardekk - 49.000 kr.
225/55R18 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	265/60R18 - 4 stk. sumardekk - 80.000 kr.
225/60R17 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	265/50R20 - 4 stk. sumardekk - 99.000 kr.
225/70R17 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	275/70R18 - 4 stk. sumardekk - 69.000 kr.
225/55R18 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	285/60R20 - 4 stk. sumardekk - 99.000 kr.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 620-2321

1

Loforð  
Vodafone  
um betri  
þjónustu

# Segjum það eins og það er

**Erna**  
Deildarstjóri

Við ætlum að tala skýrt og á mannamáli.  
Við ætlum að vera gagnrýnin á okkur sjálf, setja  
markið hátt og gera viðskiptavinum okkar ánægðari.

**Starfsfólk Vodafone**

 **vodafone**

[vodafone.is/nyttupphaf](https://vodafone.is/nyttupphaf)

# Atkvæðajöfnun sé ekki forgangsmál

Forsætisráðherra hyggst ræða jöfnun atkvæða á fundi flokksformanna á föstudag. Formaður Miðflokks segir réttinn þegar jafnan en formenn Samfylkingar og Pírata segja málið ekki mjög brýnt. Munur atkvæðavægis er enn tvöfaldur á milli tveggja kjördæma.

**STJÓRN MÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagðist á Alþingi á mánudag ætla að taka upp umræðu um jöfnun atkvæða á þessu kjörtímabili á fundi flokksformanna á föstudag. Var það eftir fyrirspurn frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, formanni Viðreisnar, sem taldi málefnið brýnt. Stefnu hafði verið að því að taka þessa umræðu upp á næsta kjörtímabili, 2021 til 2025, sem hluta af heildarendurskoðun stjórnskrár.

Íslenska kjördæmakerfið og misvægi atkvæða hefur verið þrætuepli um langa hríð og margar lagfæringar verið gerðar í gegnum tíðina. Jafnvægi milli atkvæða og þingsæta flokka hefur að miklu leyti lagast en misvægi á milli fjölmennasta og fámennasta kjördæmisins er enn tvöfalt.

„Ég lít svo á að atkvæðisréttur sé jafn eins og sakir standa,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, og vísar til flokkanna. Undantekningar séu þó, eins og að Framsóknarflokkurinn hafi nú einum manni of mikið. „Þó það komi meiri fjöldi þingmanna af landsbyggðinni þá hallar á landsbyggðina víða og ekki æskilegt að veikja hana með að breyta kerfinu,“ segir hann. Víða sé meira gert til að styrkja landsbyggðina en hér, til dæmis í Noregi.

Landsbyggðarkjördæmin eru víðfeðm og bent hefur verið á að hagsmunir byggðarlaga fari ekki endilega saman, til dæmis Akraness og Hofsóss. Sigmundur viðurkennir að gallar séu á kerfinu en þetta sé afleiðing af áratuga þróun. Hann telur ekki heppilegt að landið verði eitt kjördæmi og vísar í stjórnlagaráðskosninguna, þar sem aðeins tveir af 23 kjörnum fulltrúum voru af landsbyggðinni.

Þá segir hann umræðuna ótímabæra. „Það eru það mörg óleyt mál í þessari stjórnskrárvinnu að það yrði ekki á það bætandi.“

Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingar, segist hrifinn af hugmyndinni um landið sem eitt kjördæmi. „Það yrði þá flokkanna að vege upp á móti öðru misræmi sem skapast og tryggja að listar endurspeglar sem fjölbreyttastan hóp af fólki,“ og vísar til búsetu, kyns og stétta. „Samfylkingin hefur það sem stefnu sína að laga atkvæðamisvægi í landinu. Við verðum að taka umræðu um hvernig lýðræðið virki sem best og allir hafi áhrif sem þeim ber að hafa.“

Logi telur þetta mál þó ekki það brýnasta að svo stöddu. „Í ljósi þess að stór hluti þess tíma sem eftir er af kjörtímabilinu mun fara í erfið



Kjördæmakerfið hefur verið lagfært í gegnum tíðina en kjósandi í Borgarnesi hefur þó enn tvöfalt vægi miðað við kjósanda í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Framsóknarflokkurinn grætt 96 sæti á kerfinu

Framsóknarflokkurinn hefur grætt mest á íslenska kjördæma- og kosningakerfinu. Stuðningurinn er mestur á landsbyggðinni, þar sem atkvæðavægi er meira en á mölunni. Eins og aðrir stórflokkar hefur hann grætt á 5 prósentu þróskuldi á jöfnunarbingsæti.

Ef þá- og núverandi kjördæmakerfi eru borin saman við kerfi þar sem landið er eitt kjördæmi með engan þróskuld, hefur Framsóknarflokkurinn grætt 96 þingsæti. Mest árið 1956, níu talsins, þegar flokkurinn myndaði Hraðslubandalagið með Alþýðuflokki til þess að nota kerfið. Á fyrstu áratugunum græddi hann að meðaltali fimm sæti í hverjum kosningum á kerfinu. Síðar hefur flokkurinn hagnast minna en þó um fjóra menn árið 2013.

Sjálfstæðisflokkurinn tapaði á kerfinu fyrstu áratuginu, alls 19 sætum. En í seinni tíð hefur hann verið að vinna þetta upp, aðal-

lega á kostnað smáflokka sem ná ekki yfir þróskuldinn. Alls hefur flokkurinn tapað fimm þingsætum á kerfinu frá árinu 1931.

Alþýðuflokkurinn tapaði mest á kjördæmakerfinu, 27 sætum frá 1923 til 1999. Samfylkingin hefur hins vegar verið að vinna sæti til baka og er því heildartap þessara tveggja krataflokka 24 sæti.

Ef við gefum okkur að Vinstri græn séu arftaki Alþýðubandalags, Sósíalístaflökks og Kommúnístaflökks er heildartapið 18 sæti frá 1931. Vinstrimenn hafa þó verið stöðugir í seinni tíð og aðeins tapað einu sæti á 30 árum.

Hinir fjórir flokkarnir eiga mjög stutta sögu. Miðflokkur og Viðreisn hafa fengið jafn mörg atkvæði og þeir hefðu fengið í einkkjördæmislandi. Píratar hafa grætt eitt sæti í þrennum kosningum og Flokkur fólksins tapað tveimur, vegna þróskuldsins, árið 2016.

Ég lít svo á að atkvæðisréttur sé jafn eins og sakir standa.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins



efnahagsmál, þá tel ég brýnast að breyta breytingarákvæðinu. Að þjóðin hafi beinni aðkomu að samþykkt stjórnskrár, í stað þess að breytingar þurfi að fara í gegnum tvö þing,“ segir hann.

Smári McCarthy, formaður Pírata, hefur einnig efasemdir um að jöfnun atkvæða eigi að vera forgangsmál á þessum tímamarki í ljósi aðstæðna. „Ef okkur gefst tími og ráðrúm er að sjálfsögðu gott að taka umræðuna og vonandi komast að niðurstöðu,“ segir hann. „Í staðinn fyrir að taka þetta tiltekna atriði fyrir væri betra að klára

## Enn mikill munur

Munurinn á Suðvestur- og Norðvesturkjördæmi er tvöfaldur þrátt fyrir tvær tilfærslur þingsæta.

	SV	NA	Hlutfall
2003	4.440	2.730	2,09
2007	4.549	2.347	1,94
2009	4.850	2.366	2,05
2013	4.856	2.667	1,82
2016	5.249	2.685	1,95
2017	5.350	2.690	1,99

stjórnskrána sem þjóðin er löngu búin að samþykkja.“

Hann er þó sammála því að jöfnun atkvæða sé góð hugmynd og lýðræðið virki best þegar atkvæðin eru jafn mikils virði. „Við Píratar höfum haft í stefnuskrá að landið eigi að vera eitt kjördæmi en það eru alltaf einhver útfærsluatriði sem þarf að huga að, ekki síst að breytingin bitni ekki á minni samfélögum úti á landi.“ Eðlilegt sé að gefa flokkum frelsi til að útfæra framboðslista en að sama skapi búast við því að þeir hafi þroska til að sinna öllu landinu. kristinnhaukur@frettabladid.is

## Konur enn í minnihluta í stjórnnum stórfyrirtækja

**JAFNRÉTTISMÁL** Alls voru 34,7 prósent stjórnarmanna stórra fyrirtækja á Íslandi árið 2019 konur. Það er fjölgun um 1,1 prósentustig miðað við árið á undan. Árið 2013 tóku að fullu gildi lög um að hlutfall hvors kyns skyldi vera yfir 40 prósent í stjórnnum stórra fyrirtækja með fleiri en 50 launþega.

Um næstu áramót tekur gildi lagabreyting sem felur í sér heimild til beitingar dagsektá ná hlutfall hvors kyns ekki 40 prósentum í slíkum fyrirtækjum. Sektirnar geta numið frá tíu þúsund krónum til 100 þúsund króna á dag.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofunnar var hlutfall kvenna í stórum fyrirtækjum 12,7 prósent árið 2007 og 9,5 prósent árið 1999. Þá var hlutfall kvenna í stjórnnum

» Hlutfall kvenna sem gegndu stöðu framkvæmdastjóra var 23 prósent í lok ársins 2019.

fyrirtækja með færri en 50 launþega 26,1 á síðasta ári og hækkaði um 0,2 prósent frá árinu 2018.

Við lok síðasta árs voru konur 26,5 prósent stjórnarmanna fyrirtækja sem greiða laun og eru skráð í hlutafélagaskrá. Hlutfall kvenna sem gegndu stöðu framkvæmdastjóra var 23 prósent í lok síðasta árs sem er hækking um 0,3 prósent frá árinu á undan.

Þá var hlutfall kvenna í stöðu stjórnarformanna 24,3 prósent í lok ársins 2019. – bj

## Írar endurgjalda innfæddum greiðann

**BANDARÍKIN** Almennigur á Írlandi hefur lagt fram hundruð milljóna króna í hópþjárförum til styrktar innfæddum í Ameríku sem þjást vegna COVID-19. Eru þeir þar með að endurgjalda greiðnað sem innfæddir gerðu þeim á níttjándu öld.

Árið 1847 safnaði Choctaw-ættbálkurinn í Ameríku 170 Bandaríkjadöllum til að senda fólki á Írlandi þegar hungursneyð herjaði á landið. Þetta gerðu þeir þrátt fyrir að vera sjálfir bágstaddir og eiga litil sem engin tengsl við Írland.

Írar hafa lengi munað þessa hjálp og stendur minnisvarði henni til heiðurs í bænum Midleton á Írlandi.

Fjarframlögin frá Írlandi hófust eftir að blaðamaður The Irish Times deildi hópþjárförum Navajo- og Hopi-ættbálkanna á Twitter. Alls hafa safnað næstum þrjár milljónir Bandaríkjadala, þar af er meira en



Minnisvarðinn Kindred Spirits í Midleton, Írlandi.

hálf milljón sem er komin frá Írum. „Þetta er mjög óvænt en það er bara ótrúlegt að sjá samstöðuna og sjá hversu mikið fólki sem er svo langt í burtu þykir vænt um sam-

félag okkar og hefur samúð með því sem við erum að upplifa,“ sagði Ethel Branch, skipuleggjandi hópþjárförlunarinnar í viðtali við fréttastofu CNN. – atv

DOLCE & GABBANA PARIS/NEW YORK



**DOLCE & GABBANA**  
*light blue*



**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DOLCE & GABBANA  
VÖRUM DAGANA 7. – 13. MAÍ**

Veglegur kaupauki fylgir með öllum keyptum Dolce & Gabbana ilfum.\*  
\*Á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**  
*Snyrtivara*

## MARKAÐURINN

## Nýta bætur þrátt fyrir endurkaup

Hagar og Skeljungur hafa bæði keypt eigin bréf samhliða því að nýta hlutabótaleiðina. Minnst fimm skráð félög hafa skert starfshlutfall. Skerðing hjá helmingi starfsmanna Skeljungs sem greiddi 600 milljónir í arð í apríl. Laun stjórnenda lækkuðu verulega.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson  
tffh@frettabladid.is



S mäsölufélögin Hagar og Skeljungur, sem eru á meðal fimm skráðra félaga á aðallista Kauphallarinnar sem hafa nýtt hlutabótaleiðina til þess að bregðast við minnkandi umsvifum, keyptu eigin bréf fyrir alls 636 milljónir króna í mars og apríl. Skeljungur greiddi auk þess 600 milljóna króna arð til hluthafa en rúmlega helmingur starfsmanna félagsins er í skertu starfshlutfalli.


Að minnsta kosti fimm skráð félög hafa nýtt hlutabótaleið ríkisstjórnarinnar. Þetta staðfesta félögin í samskiptum við Fréttablaðið en mismunandi er hvort þau hafi greitt út arð og haldið áfram endurkaupum á eigin bréfum á síðustu vikum. Félögin sem hafa auk Icelandair nýtt hlutabótaleiðina eru smäsölufélögin Festi, Hagar og Skeljungur, og fjarskiptafélagið Sýn. Ekki fengust svör frá Origo, Arion banka, Brimi og Iceland Seafood við vinnslu fréttarinnar.

Vinnuframlag rúmlega helmings starfsmanna Skeljungs var skert 8. apríl að sögn Árna Péturs Jónssonar, forstjóra Skeljungs.

„Þannig var farið að tilmælum stjórnvalda um að reyna eftir fremsta megni að halda ráðningarsambandi við starfsmenn okkar í stað þess að fara í uppsagnir. Með það að leiðarljósi forðudumst við uppsagnir eins og við gátum og skertum frekar vinnuframlag starfsmanna,“ segir Árni Pétur í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Þá greinir Árni Pétur frá því að laun hans og stjórnarmanna hafi verið lækkuð um 30 prósent í byrjun apríl auk þess sem laun framkvæmdastjórnar voru lækkuð um 25 prósent.

Starfsmenn sem vinna í dreifingu Skeljungs eru í 75 prósentu starfshlutfalli en aðrir starfsmenn eru á bilinu 60-80 prósent. Stjórnendum Skeljungs reiknast til að hlutabótgreiðslur sem starfsmenn félagsins fengu í apríl hafi numið 6-7 milljónum króna.



Hagar segjast ekki hafa nýtt hlutabótaleiðina innan dagvöruverslana. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# 30%

launalækkun tók forstjóra Skeljungs á sig í byrjun apríl.

„Þetta er í stöðugri endurskoðun hjá okkur og gerum við ráð fyrir að draga úr skerðingunni núna í maí og ekki er gert ráð fyrir því að fólk verði í skertri vinnu í júní,“ segir Árni Pétur.

Skeljungur greiddi arð til hluthafa að fjárhæð 600 milljónir króna í byrjun apríl. Seinna í sama mánuði lauk endurkaupaáætlun félagsins sem hrint var í framkvæmd um miðjan mars. Kaup Skeljungs á eigin

bréfum námu alls 186 milljónum króna.

### Skerðing í veitingasölu og fataverslun hjá Högum

Hagar segjast ekki hafa nýtt hlutabótaleiðina innan dagvöruverslana, vöruhúsa, framleiðslustöðva eða dótturfyrirtækja. Hins vegar hafi leiðin verið nýtt innan eininga þar sem starfsemi var lögð af eða dróst verulega saman, til að mynda í veitingasölu og fataverslun. Það hafi verið gert, „í þeim tilgangi að viðhalda ráðningarsambandi og koma í veg fyrir uppsagnir vegna óvissu um rekstrarhorfur“, eins og það er orðað í svari Haga við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Hagar segja að á þessu stigi sé ekki hægt að áætla fjárhagslegu áhrifin sem hlutabætur hafa haft eða munu hafa á reksturinn. Ekki var gefið upp hversu margir starfsmenn væru á

hlutabótum heldur vísað til þess að nánari útlitun yrði ekki birt fyrir en í ársreikningi félagsins sem verður opinber 18. maí.

Hagar eru með virka endurkaupaáætlun upp á 500 milljónir króna sem var hrint í framkvæmd 28. febrúar og gildir fram til aðalfundar félagsins sem verður haldinn um miðjan júní. Frá því að endurkaupaáætlun Haga var hrint í framkvæmd hefur félagið keypt eigin hluti fyrir 450 milljónir króna sem samsvarar 90 prósentum af fjárhæðinni sem að hámarki verður keypt fyrir.

### Veltur á fluginu

Festi er með starfsmenn ELKO og N1 á hlutabótum vegna ákvarðana heilbrigðisyrivalda um takmarkanir í starfsemi dótturfélaga samstæðunnar. Alls starfa 1.900 manns hjá Festi og er fjöldi starfsmanna á

hlutabótum innan við sex prósent. Engir starfsmenn Krónunnar, Bakkans Vöruhúss eða móðurfélagsins Festar eru á hlutabótaleiðinni.

Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festar, bendir á að verslun ELKO í Leifstöð sé lokuð en þar eru starfsmenn í 25 prósentu starfshlutfalli.

„Þegar flug hefst aftur þá munu starfsmenn ELKO í Leifstöð hefja aftur störf en hvenær það gerist er erfitt að tímasetja,“ segir Eggert Þór. Hann bendir einnig á að N1 sé með 20 manna hámark á fjölda inni á þjónustustöðvum félagsins og því sé ekki þörf fyrir alla starfsmenn.

„Þar af leiðandi þurftum við að setja hluta af þeim á hlutabótaleiðina en við gerum ráð fyrir að taka starfsmenn N1 til baka þegar hömlum á fjölda verður aflétt í byrjun júní,“ segir Eggert Þór. Starfsmenn N1 sem eru á hlutabótum eru að meðaltali í 50 prósentu starfi.

Þá segir Eggert Þór að heildaráhrif hlutabótaleiðarinnar á rekstur Festar nemi um 45 milljónum króna á mánuði en heildarlaunakostnaður samstæðunnar er um 850 milljónir króna á mánuði.

Stjórn Festar hafði samþykkt að greiða arð að fjárhæð tæplega 660 milljónir króna til hluthafa en ákveðið var að fresta ákvörðun um greiðslur arðs fram í september. Þá hefur stjórn félagsins heimild til að virkja áætlun um kaup á eigin bréfum sem nemur allt að 10 prósentum af hlutafé en henni hefur ekki verið hrint í framkvæmd. Síðustu endurkaupaáætlun Festar lauk í mars.

### Fimmtungur hjá Sýn

Fjöldi starfsmanna fjarskiptafélagsins Sýnar sem er á hlutabótaleiðinni er í kringum 90 sem er um fimmtungur af heildarfjölda starfsmanna félagsins. Meðalskerðing á starfshlutfalli er í kringum 30 prósent.

„Sýn er að nýta sér hlutabótaleiðina fyrir þá starfsemi félagsins sem ekki gat sinnt sínum störfum vegna aðstæðna í samfélaginu og má þar nefna vegna lokunar verslana, mötuneytis og starfsemi vettvangsþjónustu,“ segir í skriflegu svari Heiðars Guðjónssonar, forstjóra Sýnar, en fjarskiptafélagið hefur hvorki greitt arð til hluthafa né ráðist í endurkaup á þessu ári.



## HS VEITUR

### HS Veitur hf. - Opið söluferli

Fyrirtækjaráðgjöf Kviku, fyrir hönd Hafnarfjarðarkaupstaðar, auglýsir eftir kauptilboðum í 15,42% hlut bæjarins í HS Veitum hf.

Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðnesja hf. í HS Veitur hf. og HS Orku hf. HS Veitur eru á meðal leiðandi fyrirtækja á sínu sviði og starfa á Suðurnesjum, víða á Suðurlandi og á syðsta hluta höfuðborgarsvæðisins. Félagið sér um dreifingu og sölu á heitu vatni auk vatnsöflunar, dreifingar og sölu á köldu vatni á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum. Félagið annast dreifingu á rafmagni á Suðurnesjum, í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Garðabæ og í Árborg að öllu leyti eða að hluta. Höfuðstöðvar HS Veitna eru í Reykjanesbæ og hjá félaginu starfa um 95 manns.

Hluthafar í félaginu eru fjórir en þeir eru: Reykjanesbær með 50,10% hlut, HSV Eignarhaldsfélag slhf. með 34,38% hlut, Hafnarfjarðarbær með 15,42% hlut og Suðurnesjabær með 0,10% hlut.

Frá og með fimmtudeginum 7. maí 2020 geta fjárfestar sem undirrita ferlisbréf og skila umbeðnum upplýsingum um fjárhagslega getu fengið afhend sölugögn um félagið.

Ábugasamir fjárfestar eru beðnir um að hafa samband við fyrirtækjaráðgjöf Kviku með tölvupósti á netfangið [hsveitur@kvika.is](mailto:hsveitur@kvika.is)

## Hagnast um 2,3 milljarða við sölu í Icelandair Hotels

Icelandair Group mun bókfæra hjá sér hagnað upp á 15,4 milljónir dala, jafnvirði 2,3 milljarða króna, vegna sölu á 75 prósentu hlut í Icelandair Hotels. Þetta kemur fram í nýlegu uppgjöri félagsins fyrir fyrsta fjórðung ársins.

Sem kunnugt er var gengið frá kaupum dótturfélags malasisku fyrirtækjasamsteypunnar Berjaya Corporation á 75 prósentu hlut í hóteldjunni í byrjun síðasta mánaðar eftir að malasíska félagið náði samkomulagi við Icelandair Group um að lækka kaupverðið um tíu milljónir dala, jafnvirði nærri 1,5 milljarða króna, vegna kórónaveirunnar.

Heildarkaupverð eignarhlutarins var þannig um 6,7 milljarðar króna – 45,3 milljónir dala – miðað við núverandi gengi.

Icelandair Group heldur í kjölfar sölnunnar á fjórðungshlut í hóteldjunni en samkvæmt kaup- og söluréttarsamningum sem kaupandi og seljandi hafa gert sín á milli verður félagið að halda á hlutnum í að minnsta kosti þrjú ár.

# 6,7

milljarðar króna er kaupverð Berjaya á 75 prósentu hlut í Icelandair Hotels.

Eins og greint var frá í Markaðinum í gær tók Tryggvi Þór Herbertsson, eigandi ráðgjafarfyrirtækisins Taurus og fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, við stjórnarformennsku í Icelandair Hotels í kjölfar kaupa Berjaya Land Berhad en hann var helsti ráðgjafi malasíska félagsins í viðskiptunum. Aðrir í stjórn Icelandair Hotels eru Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Icelandair Group, og Foo Toon Kee, framkvæmdastjóri rekstrar Berjaya Hotels & Resorts. – kj



# SVEFNSÓFAR

BJÓÐUM GESTUNUM OKKAR UPPÁ GÆÐA SVEFN  
MIKIÐ ÚRVAL, MARGIR LITIR OG STÆRÐIR.

**20% AFSLÁTTUR**



**Vogue**  
FYRIR HEIMILIÐ



Horft í átt að Vörðu-Skeggja úr Dyradal en í návígi minnir norðurveggurinn á ítölsku Dólómítana.

MYND/TG

# Skeggi minnir á Dólómítana

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

**H**engillinn er klasi móbergsfjalla við dyragætt Reykjavíkur og sést vel þaðan. Þetta er gömul megineldstöð og sú eina sem tilheyrir eldstöðvakerfi Reykjaneskaga. Undir Henglinum er kvikuhólf sem skýrir mikla jarðhitavirkni svæðisins og er jarðvarðminn nýttur í Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun, einhverjum stærstu jarðhitavirkjunum í heimi.

En Hengillinn er ekki aðeins risastór ofn heldur einnig sérstök náttúruperla, hvort sem hún er heimsoft gangandi eða á fjalla- eða ferðaskiðum. Þetta á ekki sist við um hæsta tindinn, Vörðu-Skeggja, sem gnæfir upp í 805 m hæð í norðvesturhluta fjallaklasans og býður rölegur eftir að verða heimsfrægur eins og náttúrulegarnar í Reykjadal vestar í Henglinum. Þennan útvörð Hengilssvæðisins ættu allir að heimsækja en ekki tekur nema hálf tíma að aka úr Reykjavík að gönguleiðunum og útsýnið af toppnum er mergjað. Hægt er að velja um nokkrar leiðir og velja flestir Sleggjubeinsskarð sem er auðveldast nálgast af veginum að Hellisheiðarvirkjun. Þaðan er stíkuð gönguleið í gegnum Innstadal og eftir Hveragili og síðan fylgt móbergshryggjum upp á Skeggja. Til baka má velja aðra leið vestar eða austar. Gönguleið norðanmegin eftir Dyradal er þó enn tilkomumeiri. Er þá ekinn Nesjavallavegur í átt að Þingvöllum uns komið er að þessum þrönga og svipmikla dal. Snarbrattur norðurveggur Skeggja blasir við beint í suður og minnir á Dólómítana í ítölsku Ölpunum. Þarna eru engar hitaveituleiðslur, borholur né virkjanir og auðvelt að gleyma sér í stórkostlegri náttúru sem skartar hellum og stórkallalegum hraunmyndunum.

Botni dalsins er fylgt að klettaveggnum og síðan sneitt upp brattar brekkur austan Skeggja en hátindinum er auðveldast að ná úr suðaustri. Á veturna er rétt að hafa jöklabúnað með í för en þessi brekka er líkt og aðrar brekkur Hengilsins frábær fyrir fjallaskiði, ekki sist þær sem liggja niður að Sleggjubeinsskarði eða fram af norðvesturhlíðum hans. Af

Vörðu-Skeggja er einstakt útsýni til norðurs yfir Þingvallavatn, Ármannsfell, Skjaldbreið og Hlödufell og í austri blasir sjálf Hekla við ásamt Tindfjöllum og Eyjafjallajökli.

Í næsta nágrenni eru síðan Vífilfell og Bláfjöll og í vestur höfuðborgin eins og hún leggur sig ásamt Esju Móskaðshnúkum og Skálafelli.



**Fókus á hjarta landsins**



Hengillinn er megineldstöð með kvikuhólfi sem skýrir jarðhitavirknina. MYND/ÓMB



Í Henglinum eru fantagóðar fjallaskiðabrekkur – nánast við dyragætt Reykjavíkur. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# smashbox

## 20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM SMASHBOX OG GLAMGLOW VÖRUM  
DAGANA 7.-13. MAÍ

HVER ER ÞINN UPPÁHALDS FARÐAGRUNNUR?



Smashbox fæst í Kringlu og Smáralind

HOLLYWOOD, CALIFORNIA

# GLAMGLOW

HVER ER ÞINN  
UPPÁHALDS MASKI?



Glamglow fæst í Kringlu, Smáralind, Skeifu, Garðabæ og Akureyri.

**HAGKAUP**  
*Snyrtivara*

# Skólabörn



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is

**M**argir einstaklingar sem nú eru vel á fullorðinsaldri muna eftir þeirri miklu gleði sem greip þá á barnsaldri þegar skólastarfi var aflýst, ýmist vegna ófærðar eða verkfalls kennara. Því lengur sem dráttur varð á skólastarfi, því stórbrotnari var gleðin. Hugurinn var ekki við skólasetu og prófgráður, sem fullyrft var að myndu tryggja örugga framtíð. Hugurinn var í núinu þar sem hægt var að gera allt það sem ekki mátti gera í skólastofunni.

Nú er öldin önnur. Börn hafa undanfarið lýst yfir miklum áhyggjum vegna þess að skólaganga þeirra hefur raskast vegna kórónaveirunnar og verkfalla. Nútímabörnin eru greinilega mörg hver mun ábyrgari þjóðfélagsþegnar en hinir fullorðnu sem í æsku svifu um í sæluvímu vegna lokunar skóla.

Íslensk börn hafa sum komið áhyggjum sínum af skólalokunum vegna verkfalla til skila til umboðsmanns barna. Þau eru ákveðin og fylgin sér, vita vel af rétti sínum og ætla ekki að láta troða á honum. Umboðsmaður barna, Salvör Nordal, gerir nákvæmlega það sem fullorðnir eiga að gera, sem er að virða börn og hlusta á þau. Salvör gerði meira, kom sem sagt áhyggjum barnanna til skila með því að senda Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formanni Eflingar, bréf vegna fyrirhugaðra verkfallsaðgerða Eflingar.

Sólveig Anna á, eins og alkunna er, afar erfitt með að hlusta á sjónarmið sem eru ekki í takt við hennar eigin. Það þurfti enga spádómsgáfu til að vita að hún myndi ekki bregðast vel við upplýsingum um liðan barna sem verkfall mun bitna á. Eins og venja hennar er svaraði hún fullum hálsi og sagði æsingarfull að hún teldi í hæsta máta ósmekklegt hvernig Salvör spilaði börnum fram til að grafa undan lögvarinni réttindabaráttu verkafólks. Samkvæmt þessu verður ekki annað álitid en að formaður Eflingar telji umboðsmann barna vera kominn í baráttu gegn verkalyðnum í landinu.

Vitanlega er fjarstæðukennt að túlka bréf umboðsmanns barna á þennan veg. Ef börn leita til umboðsmanns með erindi sem varðar hag þeirra þá hlýtur umboðsmaður að bregðast við og koma áhyggjum þeirra til skila til réttara aðila. Formaður Eflingar ætti, eins og aðrir, að leggja sig fram við að hlusta á börn og skoðanir þeirra. Það kann svo að hvarfla að einhverjum að formanni Eflingar líki ekki skoðanir barnanna, sem vilja frekar sitja á skólabekk en vera heima vegna verkfalls. Mögulega finnst formanninum slíkt ekki bera vott um sterka stéttarvitund viðkomandi barna. Þau þykja hugsanlega ekki vera nægilega góður efniviður í uppreisnargjarna einstaklinga sem vilja leggja allt í sölnar fyrir byltingu í anda Karls Marx og annarra álíka mislukkaðra félaga hans, fyrr og síðar.

Umboðsmaður barna mun örugglega af festu og ákveðni halda áfram að vaka yfir hag barna og koma skilaboðum þeirra á framfæri. Umboðsmaður barna mun örugglega af festu og ákveðni halda áfram að vaka yfir hag barna og koma skilaboðum þeirra á framfæri. Ástæða er til að ætla að viðtökurnar muni nær undantekningarlaust verða blíðari en þær sem umboðsmaðurinn fékk nýlega hjá formanni Eflingar.



Umboðsmaður barna mun örugglega af festu og ákveðni halda áfram að vaka yfir hag barna og koma skilaboðum þeirra á framfæri.

## Halldór



## Frá degi til dags

### Ekki um jólin...

Þórólfur Guðnason þurfti í gær að biðjast afsökunar á orðum sínum, um að 2 metra reglan gilti út árið, sem kölluðu fram heiftarlegt samkomubanns-bráðahjarðofnæmi sviðslistafólks. Tónlistarfólk brást hart við misskilningnum enda bindur líklega margt þess vonir við að geta rétt eitthvað úr kútnum á jólatónleikavertíðinni. Björgvin Halldórsson söng þannig engan fagurgala á Facebook þegar hann áréttaði einskis virði alls heimsins þrjáls í takmarkalausum samkomubanni. Leiðrétting Þórólfs á eigin orðum hlýtur að vera kærkomin þar sem varla er hægt að skilja hann öðruvísi en að tónlistarfólk megi flá feita jólagelti frá og með 25. maí.

### Álfavísitalan

Álfasala SÁÁ er forðæmalaus að þessu sinni. Álfarnir berast kaupendum sem smitfriar PNG-myndir í tölvupósti og geta þannig birst í ýmsum áður óþekktum myndum. Meðal annars er hægt að kaupa Sigmund Davíð, Ingu Sæland, Bjarna Benediktsson og Loga Einarsson eins og álfa út úr hól á litlar 3.000 krónur stykkið. Álfur Exótíski, tvifari furðufuglsins Joe Exotic, kostar hins vegar 10.000 krónur og er riflega þriggja pólitíkusa maki hvað svo sem það kann að segja um gengisvísitölu þeirra síðarnefndu. [totti@frettabladid.is](mailto:totti@frettabladid.is)

## Ekkert er mikilvægara



Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarfulltrúi  
Samfylkingarinnar



Skúli Helgason  
borgarfulltrúi  
Samfylkingarinnar

Það hefur tekist þrýðilega að spila úr afar óvenjulegri stöðu í skóla- og frístundastarfi og velferðarþjónustu Reykjavíkur eftir mestu röskun síðari ára vegna COVID-19 viðbúnaðar til að mæta fyrir mælum sóttvarnaryfirvalda. Aldrei hafa verið fleiri tilkynningar til barnaverndar en 2020, aukning er á tilkynningum þar sem barn er metið í yfirvofandi hættu og tilkynningar vegna heimilisofbeldis hafa aldrei verið jafn margar og í aprílmánuði. Við viljum standa með börnunum í borginni og þess vegna höfum við lagt til sérstakar aðgerðir til að verja börn í viðkvæmri stöðu. Þar horfum við sérstaklega til barna með annað móðurmál en íslensku, nemenda í skólaforðun, barna í erfiðri félagslegri stöðu og ungmenna sem sýna áhættuhegðun. Verið er að leggja lokahönd á mótun verklags sem tryggir að að minnsta kosti út þetta skólaár verði fylgst sérstaklega vel með börnum í viðkvæmri stöðu þar sem börnin eru á vettvangi borgarinnar í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum.

Sett verður á fót viðbragðsteymi í hverjum borgarhluta sem samhæfi vinnu í málefnum einstakra barna og hópa í viðkomandi borgarhluta. Því til viðbótar verði sett á fót samhæfingarteymi sem hafi yfirsýn yfir stöðu þessara mála í borginni í heild. Þar sitji fulltrúar skóla- og frístundaráðs og -sviðs, velferðaráðs og -sviðs, barnaverndar, skólaþjónustu, frístundamiðstöðva, kennara, skólastjórnenda og nemenda.

Við núverandi aðstæður með tilheyrandi óvissu, kvíða og röskun á daglegu lífi barna og ungmenna er mikilvægara en nokkru sinni að verja börnin í borginni, styðja þau með daglegum samskiptum, ráðgjöf og fjölbreyttum viðfangsefnum sem ýta undir heilbrigði, þroska og menntun. Ekkert viðfangsefni er mikilvægara nú en að standa vörð um börn í viðkvæmri stöðu. Þetta próf verðum við að standast sem samfélag og við heitum á okkur öll sem komum að velferð og menntun barna að láta það takast.



Þetta próf verðum við að standast sem samfélag.

**Ný tvöföld virkni sem veitir hraða og langvarandi vörn gegn tannkuli.**

TVÖFÖLD VIRKNI

FYLLIR LOKAR VERNDAR

STYRKIR

GUM SensiVital+

GUM SensiVital+

## AF KÖGUNARHÓLI

## Flýta ætti kosningum



Þorsteinn Pálsson

Við kynningu á fyrstu neyðarráðstöfunum ríkisstjórnarinnar sagði formaður Framsóknar að ekki yrði leitað inn í sams konar hagkerfi og áður og enn fremur að öll samskipti við aðrar þjóðir yrðu tekin til endurskoðunar.

Í þessum anda viðra Píratar hugmyndir um einhvers konar fráhrarf frá markaðshagkerfinu. Og Samfylkingin talar um að stækka hlut ríkiskerfisins í þjóðarbúskapnum.

**Enginn áttaviti**

Ríkisstjórnin hefur gagnrýnt þessa tvo flokka fyrir að blanda hugmyndum um grundvallarbreytingar inn í umræður um neyðarráðstafanir.

Þessi gagnrýni er kannski ekki rökrétt í ljósi þess að einn stjórnarflokkanna lék fyrsta leikinn í þessari framtíðarumræðu. En hún er réttmæt að því leyti að eðlilegt er að tekist verði á um grundvallarbreytingar til lengri framtíðar í kosningum.

Skynráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafa flestar reynst vel. En við aðstæður eins og þessar kemur þó berlega í ljós að í stjórnarsáttmálanum var ekki samið um að sigla eftir sameiginlegum áttavita. Hann snerist bara um að halda í horfinu. Trúlega er það skýringin á því að stjórnin er jafnvel lengur að taka ákvarðanir en evrurikin og er íhaldsamari í peningaprentun en þau.

**Sumt er markvisst annað laust í reipunum**

Sumar neyðarráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafa skýran tilgang. Aðrar eru ómarkvissar. En sérstaklega vantar



skýra stefnu þegar kemur að yfirlýsingum og aðgerðum, sem eiga að hafa áhrif til lengri tíma.

Hlutabótaleiðin og þátttaka ríkisins í launagreiðslum á uppsagnarfresti eru dæmi um risavaxnar aðgerðir, sem hafa ákveðinn bráðabirgðatilgang.

Yfirlýsingar um sértæka aðstoð við Ícelandair eru á hinn bóginn fremur ómarkvissar. Þar segist ríkisstjórnin biða eftir að kröfuhafar og hluthafar komi með aukið hlutafé. Að því búnu sé hún tilbúin að lána félaginu. Jafnframt talar hún á þann veg að hún muni aldrei láta félagið fara yfir um.

Ef áhættan af gjaldþroti er ekki lengur til staðar komast kröfuhafar og hluthafar í mun frjálssari stöðu en ella. Tvenns konar yfirlýsingar af þessu tagi geta því hæglega leitt til þess að

ríkisstjórnin sitji á endanum ein uppi með stærsta hluta vandans. Það er þó ugglaut ekki ætlun hennar.

**Mikilvægast er að byrja á undirstöðunni**

Framtíðarfyrirheit ríkisstjórnarinnar koma fram í yfirlýsingum um endurreisn ferðaþjónustunnar, áformum um stóráukna innlenda matvælaframleiðslu og mikla sókn í nýsköpun í þekkingariðnaði. Þessum framtíðaráformum fylgja tímabundnar ákvarðanir um aukna styrki til rannsókna. Að þessu leyti eru vísurnar bara hálfkveðnar.

Engin stefnumörkun fylgir þessum áformum um samkeppnisforsendur. Það er stóri vandinn. Gengi krónunnar og stöðugleiki hennar ræður mestu um

hversu raunhæf þessi framtíðarfyrirheit eru. Ekki er heldur skýrt út hvernig boðuð endurskoðun á alþjóðasamskiptum tengist þessum áformum.

Áður en hamfarirnar dundu yfir voru samkeppnisforsendur óbreyttar ferðaþjónustu þegar brostnar. Núverandi ríkisstjórn mistókst að varðveita þær eða vildi það ekki. Og í mörg ár hefur verið ljóst að nýsköpun þekkingariðnaðar yrði takmörkuð með þeim gengissveiflum, sem hér hafa verið. Að minnsta kosti fjórar síðustu ríkisstjórnir hafa engu áorðað á því sviði.

Við endurreisnina þarf að byrja á undirstöðunni.

**Skapa þarf svigrúm til að móta framtíðarstefnu**

Enn sem komið er hefur ríkisstjórnin ekki nefnt samkeppnisforsendur á nafn. Það verkefni hefur reyndar aldrei verið á dagskrá hennar. Til slíkrar stefnumótunar þarf hún nokkra mánuði í viðbót. Eðlilegt er einnig að stjórnarandstöðuflokkarnir fái tíma til þess að móta hugmyndir um framtíðina í ljósi nýrra aðstæðna.

Síðan þurfa stjórnarmálin að eiga samtal við þjóðina. Að því búnu á hún að kjósa. Veigamestu ákvarðanir um framtíðina á að taka eftir að þjóðin hefur fengið tækifæri til að segja álit sitt.

Kosningar í haust eru æskilegar en kannski óraunhæfar. Of mikill tími tapast ef þær yrðu geymdar til loka kjörtímabilsins í október 2021. En augljóslega er gerlegt að halda þær á fyrri hluta næsta árs. Skoðanakannanir ættu alltént ekki að hræða ríkisstjórnina frá því.



**Veigamestu ákvarðanir um framtíðina á að taka eftir að þjóðin hefur fengið tækifæri til að segja álit sitt.**

VELJUM ÍSLENSKA FRAMLEIÐSLU

# VOR- ÚTSALA

## 7. – 9. MAÍ

30% afsláttur af öllum vörum frá Varma

50% afsláttur af angóruvörum frá Ylfa

**VARMA**  
*The Warmth of Iceland*

**Ármúla 31** Opnunartími:

Fimmtudaginn 7. maí 15:00-18:00

Föstudaginn 8. maí 15:00-19:00

Laugardaginn 9. maí 13:00-16:00

# Framlínan



**Birgir Árnason**  
bráðatæknir  
og formaður  
fagdeildar  
sjúkraflutn-  
ingamanna

Við sem sinnum bráðþjónustu og sjúkraflutningum erum heilbrigðisstarfsmenn og berum þann titil stolt. Bráðþjónusta utan sjúkrahúsa hefur þróast mikið síðustu ár og hefur tekið stakkaskiptum frá þeim tíma þegar mest kapp var lagt á að „skrapa og skutla“ og koma sjúklingi sem hraðast á sjúkrahús, inn fyrir þróskuld heilbrigðiskerfisins. Í dag leggjum við upp með það að heilbrigðiskerfið mæti á þróskuldinn til þín og er áherslan sett á gæði þjónustu. Geta okkar til þess að vernda líf og heilsu hefur aukist til muna. Greiningartæki og búnaður til meðferðar hafa þróast mikið og leggjja þar mikið til en þegar upp er staðið er það mannskapurinn, menntun hans og þjálfun sem mestu skiptir.

Kröfurnar eru miklar og sviðið er breitt, við sinnum öllu frá skránum að stórslysum og öllu frá svima að sérhæfðri endurlífingun. Það er margt að læra og allt þarf að standa klárt þegar á reynir því þá er hvorki staður né stund til að líta í bók og glöggva sig á fræðunum eða æfa handtökin. Vinnuástandur eru vægast sagt fjölbreyttar, oft eru fáar hendur á staðnum og þeim ætluð flókin verk. Við vinnum úti og inni



og þjónustan er veitt allan sólarhringinn, allan ársins hring.

Menntunarsstig sjúkraflutningamanna á Íslandi fer hækkandi. Mikil fjölgun hefur orðið á háskólamenntuðum bráðatæknum síðustu ár og mikið hefur um leið safnast af reynslu frá öðrum löndum. Það er mikill metnaður í faginu og menningin innan þess er mjög framfarandi. Sjúkraflutningamönnum er annað um framlag sitt til skjólstaðinga og kalla meðal annars sjálfir eftir því að gæði þjónustunnar séu tryggð með aukinni gæðastjórnun og endurmenntun. Þannig viljum við á jákvæðan hátt setja fram forðæmi. Traust almennings til okkar



**Við viljum minna á að það er til staðar hópur sem stendur vaktina, klár ef þú þarft á að halda.**

er mikið og við viljum svo sannarlega standa undir því. Það er auðvelt að vilja allt á sig leggja í þessu hlutverki. Mikilvægið er óumdeilt.

Sjúkraflutningamenn eru í framlínu í baráttunni við COVID-19. Nálægðin við sjúkdóminn er mikil. Viðbúnaður hjá okkur er mikill

og líkt og hjá svo mörgum öðrum er álagið meira. Rekstraradilar sjúkraflutninga hafa gert ráðstafanir og hafa ásamt starfsmönnum lyft grettistaki í framkvæmd þeirra. Varnarbúnaður, hreinsun og uppfært verklag í nær alla staði. En því miður er þjórninn ekki þar með unninn. Faraldurinn sló okkur af fullum þunga og á höfuðborgarsvæðinu einu saman skipta verkefni sjúkrabíla tengd COVID-19 nú orðið hundruðum.

Óvissa hefur alltaf verið hluti af okkar starfsumhverfi. Nú bitur hún sem aldrei fyrr. Upplýsingar af vettvangi liggja ekki alltaf fyrir og í bráðatilfellum erum við fyrsta

snerting við heilbrigðiskerfið. Við erum alltaf á varðbergi og af góðri ástæðu. Það er alvarlegt mál að missa fólk úr þessari þjónustu í sóttkví en það hefur ítrekað komið fyrir og einnig hafa starfsmenn veikt eftir beina snertingu við smitaða. Við erum útsett fyrir smiti og búum við aukna áhættu á því að bera óværuna með okkur heim til fjölskyldunnar. Þessari baráttu er ekki lokið þrátt fyrir tilslakanir á samkomuhöftum og ef veiran nær sér aftur á strik verðum við með þeim fyrstu til þess að finna höggð.

Við erum heilbrigðisstarfsmenn og stöndum í framlínu með öðrum lykilstöttum samfélagsins. Þetta á við um alla sjúkraflutningamenn á landinu, líka þá sem ekki sinna sjúkraflutningum sem aðalstarfi. Margir sjúkraflutningamenn á Íslandi sinna sjúkraflutningum í hlutastarfi en víða á landinu eru sjúkraflutningar eingöngu reknir með bakvöktum. Hvert svo sem aðalstarf þeirra kann að vera þá er það svo að þegar þau svara kallinu og sinna bráðveikum og slösuðum þá eru þau að sinna heilbrigðisþjónustu.

Við viljum minna á að það er til staðar hópur sem stendur vaktina, klár ef þú þarft á að halda. Hópur sem leggur metnað sinn í að hækka þjónustustigið, bæta þjónustuna og aðlagast hratt þegar aðstæður breytast. Við sem sinnum bráðþjónustu og sjúkraflutningum sendum ykkur kveðju af framlínunni og vonandi sjáumst við bara sem allra minnst í sumar.



## Tilkynning um hvenær yfirkjörstjórnir í Reykjavíkurborgardæmum norður og suður, Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi, Suðurkjördæmi og Suðvesturkjördæmi taki á móti meðmælum væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 27. júní 2020.

**Yfirkjörstjórnir hafa tilkynnt dómsmálaráðuneytinu um að þær komi saman til fundar á eftirtöldum stöðum til að veita viðtöku meðmælendalistum til embættis forseta Íslands og jafnframt fara yfir rafræna skráningu meðmælenda:**

**Reykjavíkurborgardæmi norður og suður:**

18. og 20. maí 2020, kl. 12.00 - 14.00 báða dagana í fundarsal borgarstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur við Tjarnargötu.

**Norðvesturkjördæmi:**

19. maí 2020, kl. 13.00 - 14.00 að Borgarbraut 61, í Borgarnesi, 2. hæð, Lögmannsstofu Inga Tryggvasonar.

**Norðausturkjördæmi:**

20. maí 2020, kl. 10.00 - 12.00 að Setbergi í Hofi á Akureyri.

**Suðurborgardæmi:**

18. maí 2020, kl. 16.00 - 17.00 í dómsal Héraðsdóms Suðurlands, Austurvegi 4 á Selfossi.

**Suðvesturkjördæmi:**

15. maí 2020, kl. 13.00 - 15.00 í þróttahúsinu í Kaplakrika í Hafnarfirði.

Mæli einstaklingur með fleiri en einum frambjóðanda verður nafn hans fjarlægð sem meðmælenda með öllum frambjóðendum. Vakinn er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista, séu þeir ritaðir á pappír. Óskað er eftir því að þeir listar séu blaðsíðusettir. Unnt er nálgast eyðublöð fyrir meðmælendur eftir landsfjórðungum á kosning.is. Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælt til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á Ísland.is áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að safna meðmælendum með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á Ísland.is, en allar nánari upplýsingar um það er unnt að nálgast á vef þjóðskrár Íslands, skra.is. Lokað verður fyrir rafræna söfnun meðmælenda kl. 23.59 hinn 19. maí 2020. Ef nauðsynlegt er að safna meðmælum eftir þann tíma, skal sú söfnun einungis fara fram á pappír. Slíkum meðmælum skal skila til viðkomandi yfirkjörstjórnar samkvæmt samkomulagi við hana.

Í framhaldi af móttöku og yfirferð yfirkjörstjórnar á meðmælendum munu þær gefa út vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands. Yfirkjörstjórn gefur eingöngu út vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi. Frekari upplýsingar um framboð til forseta Íslands er unnt að nálgast á kosning.is.

Dómsmálaráðuneytinu, 6. maí 2020

**Stjórnarráð Íslands**  
Dómsmálaráðuneytið

## Til vina taugakerfisins



**Auður Guðjónsdóttir**  
stjórnarfor-  
maður Mænu-  
skaðastofn-  
unar Íslands

Á síðasta ári vakti Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra athygli Tetrosar Ghebreyesus, framkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar WHO, á að hrinda þurfi af stokkunum átaki í þágu lækninga á mænuskaða og öðrum meinum í taugakerfinu undir merkjum stofnunarinnar. Framkvæmdastjórnin tók hugmyndinni vel og til að fylgja málinu eftir fékk Anna Lilja Gunnarsdóttir, starfsmaður sendiráðs Íslands í Genf, það hlutverk að verða sérstakur erindreki Íslands fyrir mænuskaða og taugakerfið hjá WHO. Hún hefur nú komið hugmyndum utanríkisráðherra víða á framfæri innan WHO meðal annars inn í alþjóðlega aðgerðaráætlun í þágu taugakerfisins.

Til að leggja enn frekar áherslu á mikilvægi þess að hjálpa taugavísindunum til framfara sendi Mænuskaðastofnun Íslands tillögu þess efnis til WHO og óskaði þess að hún yrði borin upp á Alþjóðaheilbrigðisþingi. Tillöguna má sjá á [www.isci.is](http://www.isci.is). Við þessu barst jákvætt svar frá einum af yfirmönnum WHO og setti utanríkisráðherra sig í samband við sá hinn sama. Samdist þeim um að tillagan yrði tekin upp á Alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2021. Vonandi breyta engir heimsatburðir þar um.

Til frekari stuðnings við tillöguna er nú í skoðun að gera greiningu á hvort nýta megi gervigreind við leit að lækningu á mænuskaða. Komi það í ljós mun gervigreindin gagnast til greiningar í taugakerfinu öllu.

Mænuskaðastofnun þakkar velunnurum hjálpinu.

# Æðakerfi samfélagsins þarf að vera sterkt



**Þórdís Lóa Þórhallsdóttir** formaður borgarráðs og oddviti Viðreisnar í Reykjavík



**Reykjavíkurborg hefur líka ákveðið að bæta 1.000 störfum við þau 822 sumarstörf sem við höfðum áður samþykkt.**

Borgarráð Reykjavíkur hefur, í þverpólitísku samráði, unnið að aðgerðum sem eiga að styðja við heimilin og atvinnulífið vegna afleiðinga COVID-19. Við erum að sjá áður óþekktar stærðir í atvinnuleysi í Reykjavík og við því þarf að bregðast.

## Störf í borginni

Nú á fyrstu dögum maimánaðar höfum við kynnt aðgerðir og verkefni, sem hafa það markmið að efla mannlíf og atvinnu í borginni. Nýlega kynnti Reykjavíkurborg aukna innspýtingu í viðhaldsverkefni. Þar verður áhersla lögð á mannaflsfræk verkefni, sérstaklega við viðhald skóla og leikskóla.

Reykjavíkurborg hefur líka ákveðið að bæta 1.000 störfum við þau 822 sumarstörf sem við höfðum áður samþykkt. Lögð verður áhersla á störf fyrir námsmenn, úrræði fyrir atvinnuleitendur og umsækjendur um fjárhagsaðstoð. Með haustiinu munum við leggja til frekari aðgerðir með áherslu á einyrkja og innflytjendur.

## Skemmtileg borg

Íbúaráð fá fjármagn til að hvetja til gleði og skemmtilegheita úti í hverfunum. Styrkja á miðborgina, með auknu mannlifi og menningu fyrir alla. Við ætlum að fjölga viðburðum, lífga við borgarrými og markaðssetja miðborgina okkar allra sem áfangastað Íslandinga. Það er líka búíð að samþykkja að stækka menningarpott borgarinnar til að efla menningu í borginni.

Í borgarstjórn á þriðjudag var fjallað um ársreikning Reykjavíkurborgar 2019. Hann sýnir okkur að fjárhagur borgarinnar er sterkur og að borgin hefur þó nokkuð rými til að takast á við komandi þrengingur. Efekki tekst að ná tókum á atvinnuleysinu, sérstaklega með því að störf snúi aftur og ný störf verði

til í einkageiranum, geta komandi þrengingar þó orðið verulegar fyrir sveitarfélög landsins.

## Það þarf jafnvægi

Fjármálasvið Reykjavíkurborgar hefur undirbúið nokkrar greiningarmyndir fyrir komandi ár og miðað við þá niðursveiflu sem við erum í gæti frávik næstu fjögurra ára orðið 60 milljarðar frá þeim áætlunum sem Reykjavíkurborg hafði gert.

Reykjavíkurborg mun því þurfa að ná ákveðnu jafnvægi, þar sem við tókum höndum saman um að halda framkvæmdastigi uppi, styðjum við þá íbúa borgarinnar sem þurfa á hinu félagslega neti að halda, hvetjum til gleði og lífs í borginni en gerum borgina ekki fjárhagslega ósjálfbæra þegar við komum upp úr þessari niðursveiflu, sem spáð er að verði jafnvil jafndjúp og kreppan mikla í upphafi 20. aldar.

## Pungt farg á mörg sveitarfélög

Sveitarfélögum er mun þrengri stakkur skorinn en ríkin þegar kemur að hugsanlegri tekjuöflun. Hættan er sú að sveitarfélögin, sem eru æðakerfi samfélagsins og veita nauðsynlega grunnþjónustu, verði lömuð til langs tíma, eigi þau einungis að bregðast við með stóru aukinni skuldsetningu.

Minni tekjur og aukin útgjöld er áfall sem öll sveitarfélög munu þurfa að takast á við. Ekki öll eru í jafn sterkri stöðu og Reykjavíkurborg og getur þetta orðið mjög erfitt fyrir mörg þeirra. Því hafa sveitarfélögin kallað eftir samtali við ráðherra sveitarstjórnarmála til að ræða aðkomu ríkisins til að styðja við getu þeirra til að taka þátt í viðnámi, auka nauðsynlega velferðarþjónustu, efla vinnumarkaðsaðgerðir og auka framkvæmdir sínar. Undir það ákall tek ég.

# Öðruvísi íþróttarár



**Hanna Katrín Friðriksson** Höfundur er þingflokksformaður Viðreisnar

unartillögu um að öll börn 6-18 ára fái gjafabréf upp á 25.000 krónur, sem nýta megi til greiðslu iðkenda-gjalda hjá íþróttafélögum í sumar og næsta vetur.

Ríflega 40.000 börn og ungmenni voru skráðir iðkendur hjá íþróttafélögum innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands samkvæmt skýrslum sem var skilað inn til sambandsins fyrir árið 2018. Samdráttur í starfi íþróttafélaga, sér í lagi skerðing á fjölbreynti starfsins, eykur líkurnar á því að hópur ungmenna muni falla úr eða aldrei hefja þátttöku í íþróttastarfi. Því til viðbótar er ljóst að erfiðir fjárhagur margra heimila vegna COVID-19 mun einfaldlega draga úr getu fólks til að standa undir kostnaði við íþróttaiðkun barna og unglina.

Gjafabréfið kemur í veg fyrir að börn og ungmenni þurfi að láta af þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi vegna efnahagsástandsins og dregur á sama tíma úr fyrirbyggjandi tekjutjapi íþróttafélaganna. Það er vissulega hörð samkeppni um stuðning hins opinbera þessa dagana. Þetta mál er hins vegar af þeim toga að ég geri mér góðar vonir um að það hljóti jákvæðar undirtektir.

Þetta verður öðruvísi íþróttarár, en við getum látið það verða gott íþróttarár.

Með hverri viku skerpist sú sýn sem við höfum á gríðarlegt umfang neikvæðra afleiðinga kórónaveirunnar. Afleiðinga sem allir landsmenn takast nú á við, á einn eða annan hátt. Einn lítil en mikilvægur þáttur er áhrifin á íþróttaiðkun barna og unglina. Íþróttafélögin standa nú frammi fyrir ærnu verkefni, að takast á við skerðingar á tekjum og starfsemi vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar, án þess að það komi niður á öfluglu og samfélagslega mikilvægu starfi þeirra.

Fjölmargar rannsóknir, íslenskar jafnt sem erlendar, hafa sýnt fram á þau jákvæðu áhrif sem skipulagt íþróttastarf hefur á námsárangur, líðan og sjálfsvirðingu barna og ungmenna. Nær óþarft er að auki að nefna forvarngildi íþróttastarfs gagnvart skadlegri hegðun á borð við afbrot og vímuefnaneyslu. Þess vegna hef ég lagt fram þingsálykt-

# VINNINGASKRÁ

5. flokkur 2020  
Útdráttur 5. maí 2020

# HAPPRÆTTI

Happraðtti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi



## AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000

78644

## AUKAVINNINGAR kr. 100.000

78643 78645

## PENINGAVINNINGAR kr. 500.000

4468 16034 25806 29917 32034 34215 37730 57268 57353 79156

## PENINGAVINNINGAR kr. 100.000

746	3840	9960	12597	21424	25284	35642	41702	44548	49874	55245	61476	69695	76481	78874
1151	4146	9999	12837	21745	26926	36383	41885	45173	50130	56324	63648	70227	76494	79826
1152	5192	10050	15786	22934	29588	38460	41970	46678	50767	58088	64753	71222	76498	
2300	6784	10446	17632	23459	29666	40084	43130	47638	52718	58762	64937	73542	76804	
2421	8891	10586	18605	23507	33536	40286	43182	48158	52877	60446	66673	74490	77179	
2709	9006	11569	19329	24748	34443	40673	44327	49537	54035	60820	67466	74974	78230	
2746	9344	11646	19696	25179	35175	41211	44480	49745	54708	61288	68741	75039	78630	

## PENINGAVINNINGAR kr. 50.000

568	5227	9912	13261	16741	21029	23945	28988	35499	39853	46660	50994	54925	61268	68075	72145	76504
2089	5291	10343	13375	16940	21056	24090	29891	35681	40188	46896	51064	56636	63262	68897	72382	77374
2575	6407	10490	13390	17293	21221	24152	31165	35947	40927	47133	51317	56837	63287	69047	72651	78034
2670	6426	11169	13663	18093	22039	24461	31574	36714	41095	47273	51643	57253	64695	69159	72833	78095
2721	7152	11313	13948	18367	22172	25277	31683	36910	41120	47767	51663	57668	64707	69623	72860	78557
3084	7618	10200	14812	18660	22564	25398	32058	37403	42097	47843	51777	57883	64843	70044	73222	78958
3122	7774	12201	14964	18918	22895	25808	32640	37719	42399	49266	52222	58457	65694	70130	74256	79087
3261	7974	12712	15097	19130	23023	26705	33023	37950	42479	49416	53349	58855	65980	70218	74944	79855
4095	8302	12715	15791	19350	23294	26872	33127	38132	42786	49603	53376	58949	66157	70365	74993	
4195	8472	12779	16434	19988	23377	27021	33668	38188	43352	50058	53915	59919	66278	71002	75755	
4378	8643	12853	16497	20218	23637	28778	33925	38529	44301	50360	54491	60608	67542	71661	75957	
4630	9033	13257	16689	20782	23920	28909	34672	38891	46260	50411	54807	60809	67645	71663	76151	

## VÖRUÚTTEKT kr. 30.000

78	5347	11418	15709	20377	25067	28311	33419	38064	42313	46723	51748	57156	62574	68371	73239	78617
107	5476	11632	16076	20495	25154	28328	33463	38089	42458	46893	52074	57639	62630	68466	73281	78784
217	5605	11699	16136	20532	25198	28392	33528	38466	42766	46998	52170	57913	62923	68645	73350	78899
241	5641	11739	16155	20572	25216	28552	33579	38515	42781	47302	52178	57966	63087	68657	73586	79004
369	5676	11743	16212	20720	25322	28810	33691	38679	43153	47343	52431	58339	63150	68658	73758	79228
567	5774	11764	16219	20736	25566	28823	33829	38732	43160	47563	52457	58761	63180	68671	73945	79229
580	6470	11780	16279	20833	25572	28868	33930	38765	43223	47607	52481	59089	63204	68701	74013	79267
587	6645	11952	16610	20921	25575	28879	33983	38933	43259	47620	52810	59104	63243	68711	74327	79412
857	6692	11984	16622	21032	25639	29104	34018	38989	43427	47844	52964	59272	63411	68721	74372	79473
898	6836	12036	17166	21242	25687	29146	34041	39102	43439	47894	52990	59339	63540	68758	74382	79601
929	6856	12439	17396	21267	25691	29190	34096	39231	43563	48050	53227	59356	63614	68859	75034	79683
1298	7399	12442	17421	21364	25702	29205	34198	39317	43697	48187	53372	59425	63805	68920	75140	79933
1509	7566	12670	17629	21419	25775	29297	34382	39355	43700	48524	53431	59490	63809	69017	75206	
1517	7749	12700	17630	21572	25795	29406	34500	39609	43815	48771	53466	59576	63847	69023	75299	
1609	7776	12710	17647	21610	25890	29779	34521	39612	43939	48988	53510	59604	64187	69117	75521	
1682	7802	12729	17731	21634	25985	29922	34581	39762	43963	49207	53587	59663	64473	69393	75713	
1701	7867	12965	17753	21888	26062	30062	34619	39885	43991	49308	53590	60066	64559	69616	75767	
1909	8344	12966	17843	22270	26125	30172	34707	40029	44041	49326	53622	60081	64601	69680	75944	
1942	8349	12979	18047	22500	26279	30284	34802	40090	44059	49401	53748	60094	64735	69813	75994	
2189	8467	13122	18072	22614	26342	30431	35002	40107	44310	49481	53776	60249	64769	69838	76001	
2266	8634	13210	18165	22961	26478	30532	35069	40184	44418	49704	53838	60375	64547	69863	76008	
2426	8710	13265	18380	22972	26675	30920	35092	40339	44734	49778	53860	60474	64552	70082	76048	
2628	8775	13406	18562	22988	26767	30983	35133	40622	44931	49861	53955	60520	65748	70105	76091	
2641	8788	13546	18729	23063	26775	31067	35476	40664	44936	49986	54054	60577	66043	70131	76363	
2860	8936	13810	19047	23120	26847	31271	35576	40665	45335	50259	54296	60676	66140	70152	76588	
2941	8973	13885	19061	23264	26888	31388	35643	40716	45453	50276	54379	60786	66150	70161	76648	
3046	9025	13950	19195	23272	26915	31435	35725	40809	45476	50402	54567	61105	66269	70319	76773	
3115	9043	14115	19216	23314	26927	31576	36261	40861	45485	50414	54597	61133	66462	70324	76862	
3233	9148	14370	19229	23368	27009	31601	36451	40896	45531	50499	54744	61154	66634	70336	77053	
3241	9362	14434	19326	23400	27117	31789	36486	40968	45581	50532	54828	61165	66824	71027	77429	
3331</																

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1697** Höllin Tre Kronor í Stokkhólmi brennur til grunna. Talið er að íslenska handritið Ormsbók hafi eyðilagst í brunanum.

**1810** Sir George Stuart Mackenzie og Henry Holland lækni koma til Íslands. Síðar skrifa báðir merkar bækur um ferð sína.

**1908** Páll Einarsson er kosinn fyrsti borgarstjóri Reykjavíkur.

**1928** Lög eru samþykkt á Alþingi um að stofnaður skuli þjóðgarður á Þingvöllum.

**1946** Japanska raftækjafyrirtækið Sony er stofnað.

**1951** Bandaríkin senda herlið til Íslands til að sjá um varnir þess, samningur þess efnis hafði verið undirritaður tveimur dögum fyrr.

**1957** Helen Keller kemur í heimsókn til Íslands til að styðja og hvetja blinda og mállausa. Hún er sjálf bæði blind og heyrnarlaus og fræg fyrir réttindabaráttu sína.

**1961 Keflavíkurganga** á vegum hernámsandstæðinga er gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.

**1978** Jarðgöng undir Oddsskarð, milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar, eru vígð. Þau eru í um 630 metra hæð og eru um 630 metra löng.



„Mér finnst þetta samt merkilegasta afmælið á lífsleiðinni,“ segir Hildigunnur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Fagna bara meira þegar ég verð fimm tíu og eins

Hildigunnur Þráinsdóttir hefur ekki þurft að hafa áhyggjur af verkefnaskorti undanfarið, hún er markaðsstjóri hjá versluninni Heimkaup sem sendir vörur í heimahús og hefur aldrei haft meira að gera. Hún á stórafmæli í dag en stórveislan verður að bíða.

Veisluhöldin verða innan marka og óverulegri en efni stóðu til. Bara lítið boð heima hjá mér fyrir þá nánustu. Ég ætla ekki að brjóta neinar reglur í samkomubanni,“ segir Hildigunnur Þráinsdóttir, leikari og markaðsstjóri, um hátíðahöld í tilefni fimmtugsafmælisins sem er í dag. „Mér finnst þetta samt merkilegasta afmælið á lífsleiðinni og var búin að plana veislu en það passar ekki núna. Ég fagna bara meira þegar ég verð fimm tíu og eins.“

Hildigunnur ólst upp á Akureyri en er flutt suður yfir heiðar. Hún kynntist ung leiklistinni og gerði sig gildandi í þeirri grein, bæði á sviði og tjaldi en segist lítið hafa komið nálægt henni síðustu ár. „Ég var í litlu hlutverki í Ófærð á sínum tíma. Mér finnst voða gaman þegar slík tækifæri koma upp og frábært að hitta fyrrverandi starfsfélaga, en ég er alveg komin út úr þessu og í annað.“

Þetta annað er nefnilega dálítið annasamt, hefur að minnsta kosti verið það síðustu mánuði því Hildigunnur er markaðsstjóri í Heimkaupum. Verslun þar hefur stóruaukist síðan COVID-19 kom upp. „Það hefur verið brjáláð að gera,“ segir Hildigunnur og viðurkennir



Við sem erum á skrifstofunni vinnum úti í bæ og megum ekki koma inn í vöruhúsið, þar sem langmestur atgangur hefur verið. En við höfum auðvitað líka þurft að vinna hratt og láta hendur standa fram úr ermum til að bregðast við aðstæðunum.

að henni finnst gaman í hasar en vildi óska að þessi væri af öðrum ástæðum en hann er. „Ég hef heldur ekki fengið að taka þátt í honum á gólfinu því við sem erum á skrifstofunni vinnum úti í bæ og megum ekki koma inn í vöruhúsið, þar sem langmestur atgangur hefur verið. En við höfum auðvitað líka þurft að vinna hratt og láta hendur standa fram úr ermum til að bregðast við aðstæðunum, kaupa nýjan kæli, fjölga starfsfólki og afhendingartímum. Það hefur tekist býsna vel.“

Hildigunnur segist hafa verið markaðsstjóri hjá Heimkaupum í fimm ár. „Ég fór í þetta fyrir hálfgerða tilviljun. Var að vinna sjálfstætt í bókabransanum og vildi bæta við mig vinnu, var þá ráðin hér sem textaritstjóri, svo fór ég inn í markaðsmálin smám saman og varð markaðsstjóri. Þetta var allt mjög óvænt. Ég þurfti að vera fljót að setja mig inn í það sem við átti hverju sinni og allt hefur gengið vel. Það er mikið búið að gerast, hver dagur skiptir máli, maður þarf alltaf að vera á tánum og tíminn hefur þotið áfram.“

En að það yrði allt í einu svona vinsælt að fá vörurnar sendar heim, kveðst Hildigunnur ekki hafa séð fyrir. „Verslun á netinu hefur bara allt í einu tekið stökk fram í tímann – hlauðið yfir nokkur ár.“ Heimkaup er í Kópavogi og Hildigunnur segir þau eiga marga fastakúnna viðs vegar um land. En þó mikið sé að gera hlýtur markaðsstjórnin að fá sumarfrí. Jú, Hildigunnur að að sjálfsögðu búin að skipuleggja það. „Ég ætla að ferðast. Er búin að panta hús í eina viku á Súðavík og ætla líka að heimsækja Trékyllisvík og Norður-fjörð á Ströndum. Svo fer ég til Akureyrar en það eru engar utanlandsferðir í kortunum.“

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Valgerður Jóna Gunnarsdóttir**

söngkennari,  
Hafnarbraut 9,  
Kópavogi,

lést 2. maí á Landspítalanum við Hringbraut. Vegna samkomutakmarkana verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir útförina sem fer fram 15. maí kl. 15. Athöfninni verður streymt á eftirfarandi slóð: <https://youtu.be/Qm4h38HAjNE>

Ingi Kr. Stefánsson

Gunnar Trausti Ingason

Jón Kristinn Ingason

Hanna Ragnheiður Ingadóttir

Fida Abu Libdeh

Bjarni Þór Pétursson

og barnabörn.



Elskulegur bróðir okkar,

**Smári Sigurðsson**

Skipasundi 79,

lést 24. apríl.

Útför hefur farið fram.

Erna Sigurðardóttir

Gísli Sigurðsson

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Sigurðsson

Guðný Sigurðardóttir

Sigurður Þórðarson

Björn Sigurðsson

Hólmfríður Einarsdóttir

Ásgeir Baldursson



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Inga Björg Ragnarsdóttir**

frá Sauðhúsvelli, Vestur-Eyjafjöllum,

lést laugardaginn 2. maí á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Útför hennar mun fara fram í kyrrþey frá Ásólfsskálakirkju. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á SOS-barnahöpin.

Sigmar Sigurðsson

Einar Sigmarsson

Rúnar Sigmarsson

Unnur Sigmarsdóttir

Sigurros Sigmarsdóttir

Þorsteinn Eyþórsson

Arnar Svarfdal Þorkelsson

og barnabörn.



## Framhald af forsiðu →

**N**etverslunin sofdurott.is var stofnuð haustið 2017 og er í eigu Vita ehf. sem selur lín og húsgögn til hótela og veitingastaða. Sofðu rótt býður upp á gæðavörur sem geta bætt svefn fólks, fyrst og fremst vandaðar sængur og kotta sem fást hvergi annars staðar.

„Eftir að hafa selt til hótela um nokkurt skeið vissi ég að ég væri með framleiðendur sem buðu upp á vöruúrval sem hentaði einnig fyrir einstaklingsmarkað. Fyrstu tvö árin seldi ég kotta og sængur en þá voru ViscoSpring heilsukoddinn og Climabalance sængin mest seldu vörurnar,“ segir Arnar Þór Jónsson, eigandi Sofðu rótt. „Síðan hefur þetta þróast og ég hef verið að bæta við vörum sem hafa ekki verið á íslenskum markaði nema að litlu leyti.

Síðasta haust benti viðskiptavinur mér á að það gæti verið sniðugt að bjóða upp á þyngingarsængur en við bættum þeim við núna í febrúar sem þriðju kjarnavörðunni okkar,“ segir Arnar. „Allar þessar vörur eiga það sameiginlegt að vera svoltið öðruvísi en það sem hefur verið á markaðnum.“

## Eins og þétt faðmlag

„Eftir að mér var bent á þyngingarsængina fór ég á sýningu um áramótin til að hitta framleiðendur og á endanum valdi ég að vinna með CURA of Sweden,“ segir Arnar.

„Það er fyrirtæki sem er á mikilli siglingu, en þyngingarsængin þeirra er sú vinsælasta í Evrópu.

Þyngingarsængin umvefur þig í rauninni og veitir öryggiskennd. Tilfinningin er svipuð og að fá þétt og gott faðmlag,“ segir Arnar. „Upplifun fjölmargra er sú að það næst mikil slökun og ró með því að nota þyngingarsæng. Það hefur kannski sjaldan átt betur við en akkúrat núna á þessum fordæma-lausu tímum.

Þyngingarsængurnar hafa verið notaðar um árabíl til að hjálpa einstaklingum sem eru með ADHD, einhverfu, kvíða, streitu og fleira, en hingað til hafa þær verið mjög dýrar,“ segir Arnar. „Fyrir nokkrum árum uppgötvaði almenningur í Bandaríkjunum að þetta hentar fleirum en bara þeim sem hafa greiningar eða undirliggjandi kvilla. Í kjölfarið jókst salan umtalsvert og mikil vitundarvakning hefur orðið undanfarin 1-2 ár í Evrópu. Sængurnar rokseljast í Svíþjóð, þar sem CURA þyngingarsængin hefur verið skrásett sem lækningavara, og þær seljast líka vel í nágrannalöndunum.

Sofðu rótt styrkir ADHD-samtökin, Einhverfusamtökin og SPOEX, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga á Íslandi, með hluta af ágóðanum af sölu þyngingarsængurinnar, en viðskiptavinir fá að velja hvaða samtök þeir styrkja með kaupum sínum,“ segir Arnar.

## Einstakt vöruúrval

„Það sem er kannski sérstakt við Sofðu rótt er að við bjóðum upp á vörur sem fást ekki annars staðar á Íslandi, en eru virkilega góðar og eiga erindi við flesta,“ segir Arnar. „Við erum eini söluaðilinn sem býður upp á ViscoSpring heilsukotta og Climabalance sængur og vorum fyrst með þyngingarsængur á almennum markaði.

Climabalance sængin er þekkt fyrir að anda sérstaklega vel, mun betur en aðrar sambærilegar vörur á markaðnum,“ segir Arnar. „Það var gerð rannsókn í þýskum háskóla sem var nokkuð afgerandi: Þú ert fljóttari að sofna undir Climabalance-sænginni, svefninn verður rólegri, þú vaknar sjaldnar,



Arnar fór á sýningu um áramótin til að hitta framleiðendur og valdi að vinna með CURA of Sweden, en fyrirtækið er á mikilli siglingu í Evrópu.

Þyngingarsængurnar hafa verið notaðar um árabíl til að hjálpa einstaklingum sem eru með ADHD, einhverfu, kvíða, streitu og fleira.

REM-svefninn lengist og djúpsvefn lengist um allt að 50%.

Þetta var fyrsta varan sem ég fór af stað með og það hafa helst verið einstaklingar sem er of heitt á næturnar sem kaupa hana, en hún hentar öllum og tryggir stöðugt og gott hita- og rakastig alla nóttina,“ segir Arnar.

Við bjóðum líka upp á ViscoSpring heilsukotta, en þeir eru óvenjulegir að því að leyti að þeir hafa pokagormakerfi að innan og memory foam að utan,“ segir Arnar. „Þetta er eini framleiðand-



inn sem býður upp á þessa tegund af kotta, sem tryggir réttan stuðning við hnakka og hryggjar-súlu.“

## Netgíró-tilboð í maí

„Við kappkostum að bjóða gæðavörur á sama verði og á meginlandi



Þyngingarsængin umvefur fólk og veitir öryggiskennd. Arnar segir að tilfinningin sé svipuð og að fá þétt og gott faðmlag og að fólk finni mikla ró.

Fyrstu tvö árin voru ViscoSpring heilsukoddinn og Climabalance sængin mest seldu vörurnar hjá Sofðu rótt en um áramótin var þyngingarsængur frá CURA bætt við sem þriðju kjarnavörðunni. Það eru vinsælustu þyngingarsængur í Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

Climabalance sængin er þekkt fyrir að anda mun betur en aðrar sambærilegar vörur. Samkvæmt rannsókn sem var gerð í þýskum háskóla bætir hún svefn verulega.

segir Arnar. „Svo erum við alltaf að horfa í kringum okkur og reyna að finna fleiri vörur sem henta. Ef við sjáum aðrar sniðugar vörur bættum við þeim við úrvalið.

Næst á dagskrá er að bæta við sængurfatnaði frá flottum þýskum framleiðanda.“



BITTE KAI  
RAND  
1 9 8 1



NÝ  
SENDING



*hjá*  
**Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)

# Karlmennsku rokksins snúið á hvolf

Kurt Cobain hefur verið lýst sem óviljandi tískufyrirmynd, sem myndi eflaust fá hann til að snúa sér við í gröfinni. Hann klæddist gjarnan notuðum fötum, ömmupeysum og jafnvel kjólum.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir  
hjordiserna@frettabladid.is



Það eru fáir ef einhverjir jafn samofnir hugmyndinni um svokallaðan grugg-klæðaburð (e. grunge) og tónlistarmaðurinn sálugi Kurt Cobain. Eitt af því sem einkenndi hann var úfið og tætt ljóst hár og notaður, oft rifinn, fatnaður.

Ein skýringin á því hvers vegna hann klæddist svo oft notuðum fatnaði hefur verið sögð stafa af auraleysi en einnig hefur verið sagt að þetta hafi verið hans leið til þess að gefa skít í auðvaldið, eins konar and-tíska.

## Hljáar ömmupeysur


Kurt sótti í hljóar, notaðar peysur, oft úr ull, enda ólst hann upp í hinni vætusömu Seattle og því vanur að klæða sig vel. Peysunum hefur verið lýst sem svokölluðum „ömmupeysum“. Hann var líka gjarnan í flannelsskyrtum og síðerma bolum. Skyrtur og bolir sem hann klæddist voru margir prýddir röndum og jafnvel blóma-mynstri.

Gallabuxur virðast oftast hafa orðið fyrir valinu hjá honum, yfirleitt tættar, rifnar og vel notaðar. Það er óneitanlega hálf dapurlegt að gera sér í hugarlund hver viðbrögð hans við fjöldaframleiðslu á rifnum gallabuxum í dag yrðu. Þá eru til nokkrar myndir af honum í röndóttum náttfötum, að því er virðist þeim einu og sömu, á sviði jafnt sem uppi í rúmi.

Converse-skór einkenndu skóbúnað hans og var hann gjarnan með stór sólgleraugu, ídulega í „kvenstíl“, en það sem var áreiðanlega hvað áhugaverðast við klæðaburð hans er það hversu oft hann klæddist kvenfatnaði og þá ekki síst kjólum.

## Pissað á karlmenskuna


Sjálfur ræddi Cobain oft karlmenskuna og að hann hefði ungar átt erfitt með að tengjast öðrum drengjum og hefði frekar sóst í félagsskap stúlkna. Margir hafa bent á femínískan tón í hugs-




Á tónleikum í stórröndótri og rifinni síðermapeysu. MYNDR/GETTY



Kurt klæddist oft kjólum og er til fjöldi tilkomumikilla mynda af honum í kjólum af ýmsu tagi.



Á tónlistarmyndbandahátíð MTV '93, í röndóttum bol sem hann notaði oft og rifnum gallabuxum.



Á verðlaunahátíð MTV '92, í bol með mynd sem prýddi hulstur kassettunnar „Hi How Are You: The Unfinished Album“ eftir Daniel Johnston.

## FLOTT SUMARFÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR




LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is




Í sinnepsliðaðri ömmupeysu með kassagítar í fangi.

unarhætti hans og sjá má mörg dæmi þess í textagerð hans.

Á Bleach, fyrstu breiðskífu Nirvana, er að finna lagið „Been a Son“ sem sagt er vera eitt fyrsta dæmi um gagnrýni hans á karlrembuleg viðhorf. Þar syngur hann út frá sjónarhorni föður sem óskar þess að dóttir hans hefði fæðst sem strákur. Boðskapur lagsins er að mörgu leyti tímalaus þar sem bæði sögulega og í samtímanum

er því miður enn að finna alltof mörg dæmi um það að sveinbörn eru talin eftirsóknarverðari en meybörn, oft með hræðilegum afleiðingum.

Í laginu „Territorial Pissings“, sem vísar í þá athöfn þegar dýr merkja sér svæði, oft tengt við og notað sem samlíking á tilhneigingu karlmanna til þess að sýna fram á völd sín í nafni karlmenskunnar, söng hann: „Hef



Í kjól með Pétur Pan-kraga árið '91.

aldrei hitt vitran mann, ef svo, þá er það kona.“

Ljóst er að hægt er að túlka klæðaburð Cobains á marga þýðingarmikla vegu en annað sem var áberandi og einkennandi í fari Cobains var það hversu oft hann klæddist sömu flikunum eins og sjá má á mörgum myndum. Er það nokkuð sem flest okkar mættum svo sannarlega taka til fyrirmyndar.

# Garðar og hellulagnir

FIMMTUDAGUR 7. MAÍ 2020



Páll S. Kristjánsson er framkvæmdastjóri Sauna & Spa. Hann segir sífellt fleiri vilja njóta þeirrar heilsubótar sem sauna sé enda sýni rannsóknir að það auki heilsu og hamingju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fjárfesting í sælu og velliðan

Það færir í aukana að landsmenn fái sér sauna í garðinn og bústaðinn enda fátt eins dásamlega heilsusamlegt og frískandi saunabað. Hægt er að hita saunað fyrirfram með appi að heiman.

**ELSTI ÞÁTTTAKANDINN Í HÓPNUM ER KOMINN VEL YFIR NÍRÆTT, LÍFSGLAÐUR VESTFIRÐINGUR, HANN HEFUR ALDREI LÁTID SIG VANTA ÞESSI FIMM ÁR.**

#### Elsti þátttakandi yfir nírætt

Næsta námskeið verður haldið í september og þá verða lesnar tvær fornaldarsögur, Hrólfs saga kraka og Ragnars saga loðbrókar, „báðar stórkostlega merkilegar“, segir

Baldur og bætir við: „Mig langar til að taka líka eitthvað úr Sturlungu fyrir jól, eins og Svínfellingasögu sem er stutt en áhrifamikil. Eftir jólin gæti einhver Íslendingasaga síðan orðið fyrir valinu.“

Allir sem eru sextugir og eldri geta skráð sig á námskeiðið. „Ég er ekki lengur yngstur í hópnum,“ segir Baldur. Hann kenndi um árabíl í Kennaraháskóla Íslands og segist vera farinn að fá gamla kennaranema til sín. „Þannig eru kynnin endurnýjuð og reyndar eru gamlir skólafélagar einnig farnir að mæta á þessi námskeið. Elsti þátttakandinn

í hópnum er kominn vel yfir nírætt, lífsglaður Vestfirðingur, hann hefur aldrei látið sig vanta þessi fimm ár.“

Spurður hvaða fornsögur njóti mestra vinsælda segir Baldur: „Sumar sögur koma á óvart, eins og Hávarðar saga Ísfirðings, hún gerði lukku, einnig Droplaugarsona saga sem gamlir Austfirðingar þekkja, en aðrir síður. Svo eru sögur sem ekki falla í kramið hjá öllum. Ég man eftir konu sem sagði hreinskilnislega að sér þætti Svarfdæla saga leiðinleg. En ferðin á söguslóðir Svarfdælu og Víga-Glúms sögu bætti það nú allt upp.“

## Eggert og Katrín í Listasafni Íslands

Listasöfn hafa verið opnuð á ný, þar á meðal Listasafn Íslands. Þar eru nú sýningarnar Fjár-sjóður þjóðar, með glæsilegu úrvali verka úr safneigninni, og sýningin Að fanga kjarnann, þar sem getur að líta vatnslitamyndir Mats Gustafson. Svo sannarlega er ástæða til að mæla með báðum sýningunum.

Þeir sem bregða sér á listasafnið ættu ekki að gleyma að skoða stórt málverk eftir Eggert Pétursson í anddyri safnsins. Listasafnið keypti verkið af listamanninum á síðasta ári og á því sést öll brónugrasaættin sem vex á Íslandi. Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, segir verkið hafa vakið mikla athygli gesta áður en safninu var lokað vegna samkomubanns.

#### Ótvírætt mikilvægi

Á annarri hæð safnsins er síðan

innsetning, High Plain frá árinu 2001, eftir Katrínu Sigurðardóttur sem safnið keypti fyrir nokkrum árum. „Uppsetning þess er liður í því að sýna stærri innsetningar sem safnið á. Stundum liða verk eins og þetta fyrir það að vera stór og dýr og flókin í uppsetningu og eru því ekki sýnd nógu reglulega en svona verk ætti í raun að vera sýnt að staðaldrí því mikilvægi þess innan okkar listasögu er ótvírætt að mínu mati,“ segir Harpa.

Erfitt er að lýsa verkinu en til að líta það augum þurfa gestir að fara upp stiga og þá blasir við mikil dásemd sem minnir á fjöllin, blámann og fjarlægðir og tenginguna milli manns og náttúru.

#### Vinnusvæði sérfræðinga

Að auki geta gestir safnsins virt fyrir sér vinnusvæði sérfræðinga



Verk Katrinar. Þegar komið er upp stigann blasir dásemd við.



Málverk Eggerts af brónugrósum sem vaxa á Íslandi. MYNDIR/SIGURÐUR GUNNARSSON

sem meðhöndla safnkostinn því einn salur hefur verið tekinn undir ástandsskoðun, skráningu og ljósmyndun listaverka sem er liður í átaksverkefni safnsins um þessar mundir.

Þess skal getið að ókeypis aðgangur verður í Listasafni Íslands út þessa viku.

# Má ég standa upp?

## TÓNLIST



**Aria dagsins, Íslenska óperan  
Eldborg í Hörpu á netinu**

Í óperunni Tosca eftir Puccini ræðst kona á mann og stingur hann í hjartað með rýtingi. Eftir nokkra stund spyr hann: „Má ég standa upp?“

Atriðið er að finna í heimildarmyndinni Tosca's Kiss, sem fjallar um elliheimilið Casa di Riposo per Musicist í Milanó. Það er ætlað óperusöngvurum sem eru komnir á eftirlaun og var stofnað af engum öðrum en Giuseppe Verdi, óperutónskáldinu ástsæla. Heimildarmyndin var gerð fyrir allnokkru, en hana er að finna á iTunes. Hún er bráðskemmtileg. Vismenn lifa að mestu í fortíðinni. Fólkið er sísyngjandi og setur gjarnan upp á elliheimilinu atriði úr óperum sem það tók þátt í að flytja á sínum tíma í alvöru söllum.

Margt í myndinni er skondið. Einn náungi gerir gys að bariton-söngvara sem er að þenja sig. Sök hans er að dvelja of lengi á einhverri hápunktsnótunni. Náunginn glottir og biður hann um að slökkva þegar hann er búinn.

Annar söngvari fer í búning sem hann tekur upp úr gömlu kofforti. Hann klæddist honum í uppþærslu



Rödd hennar er tær og fögur, segir Jónas Sen um Disellu Lárusdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

á Rigoletto fyrir áratugum síðan. Því næst setur hann á plötu með aríu úr óperunni, stendur grafkyrr og hlustar, og hneigir sig svo virðulega fyrir koffortinu að aríunni lokinni.

Stemningin er á vissan hátt svipuð í tónlistarstreymi Íslensku

óperunnar úr Eldborg í Hörpu sem ber heitið Aria dagsins. Þetta eru íslenskir söngvarar sem syngja við meðleik Bjarna Frímans Bjarnasonar. Streymið samanstendur af einum söngvara á dag og verkefnið yfirleitt aría úr óperu. Til-

finningarnar sem fólkið ber á torg í söngnum eru fólksvalausar, en tómir áhorfendabekkirir virka einkennilega. Heildarútkoman er dálítið vandræðaleg, rétt eins og skrytnu senurnar í heimildarmyndinni.

Söngvararnir standa sig þó prýði-

lega. Disella Lárusdóttir syngur t.d. afar fallega aríur eftir Puccini og Charpentier. Rödd hennar er tær og fögur, raddbeitingin nákvæm og túlkunin stórbrotin. Habaneran fræga úr Carmen sem Valgerður Guðnadóttir syngur, er líka glæsileg, full léttleika og snerpu. Schmerzen eftir Wagner í meðförum Auðar Gunnarsdóttur, er sömuleiðis flott, en það er eitt af fáum lögum þarna sem ekki flokkast undir óperuaríu.

Margt annað mætti telja upp, eins og hrífandi flutning á aríu úr La Bohème eftir Puccini í túlkun Ingibjargar Guðjónsdóttur, og E lucevan le stelle eftir sama tónskáld úr Toscu, en þar er það Egill Árni Pálsson sem syngur af gríðarlegri tilfinningu.

Bjarni Frimann spilar ákaflega vel á flygilinn, hver nóta er á sínum stað og stemningin ávallt sú rétta. Hún myndar umgjörð utan um sönginn og lyftir honum í hæstu hæðir.

Oskandi væri að heyra þetta allt saman á alvöru tónleikum í náinni framtíð. Tónlistarlífið hefur illilega verið kylt niður og þess er sárt saknað. Við spyrjum okkur núna öll þessarar táknrænu spurningar: Má ég standa upp? **Jónas Sen**

**NIÐURSTADA:** Aria dagsins er streymi í boði Íslensku óperunnar og er skemmtileg og upplifgandi.



Ebba Katrín Finnsdóttir verður Júlía. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þjóðleikhúsið leitar að Rómeó

Þjóðleikhúsið undirbýr nú viðamikla uppsetningu á Rómeó og Júlíu eftir William Shakespeare í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar. Sýningin verður frumsýnd í byrjun mars 2021. Unnið er að mönnun sýningarinnar en hópur listrænna stjórnenda hefur verið ráðinn að verkefninu við hlið Þorleifs Arnar.

Ebba Katrín Finnsdóttir mun fara með hlutverk Júlíu. Hún hefur vakið mikla athygli síðan hún útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands fyrir tveimur árum. Á þessu ári lék hún Uglu í Atómstöðinni og burðarhlutverk í Þitt eigið leikrit II í Þjóðleikhúsinu.

Þjóðleikhúsið leitar, með Þorleif Örn leikstjóra í fararbroddi, að þeim eina rétta í hið mjög svo eftirsóttu hlutverk Rómeós. Nú er kallað eftir umsóknum frá leikurum á aldrinum 20-30 ára sem hafa áhuga á að komast í prufu fyrir hlutverkið.

» ÞEGAR VALIÐ HEFUR FARIÐ FRAM VERÐUR EINUM LEIKARA BOÐIÐ HLUTVERK RÓMEÓS.

Leikstjóri og listrænir stjórnendur velja ákveðinn hóp sem verður boðið að koma í prufur fyrir hlutverkið. Þar gefst þeim tækifæri til að leika tvær stuttar senur úr verkinu á móti Ebbu og öðrum leikurum undir leikstjórn Þorleifs á Stóra sviðinu. Prufurnar fara fram 18. og 19. maí. Framhaldsprufur verða boðaðar fyrir þrengri hóp í kjölfarið. Þegar valið hefur farið fram verður einum leikara boðið hlutverk Rómeós.

Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti, þriðjudaginn 12. maí.

Upplýsingar um prufur má finna á vefsíðu Þjóðleikhússins, leikhúsid.is.



**Djúpið**  
FISKVINNSLA

## Hvernig hljómar spriklandi ferskur fiskur beint úr vinnslu?

Við í Djúpinu sjáum fjölmörgum veitingastöðum, fyrirtækjum og mötuneytum fyrir fisk en þjóðum nú einnig einstaklinga velkomna í vinnsluna til okkar þar sem þeir geta keypt milliliðalausan fisk á frábæru verði. Úrvalið breytist dag frá degi og í borðinu hjá okkur er alltaf það ferskasta hverju sinni.

Pantið hjá okkur fyrirfram í gegnum tölvupóst eða Facebook, þar sem einnig má sjá úrval dagsins. Við hlökkum til að taka á móti ykkur!

Djúpið fiskvinnsla - Fiskislóð 28 - 101 Reykjavík  
panta@djupidfiskvinnsla.is  
facebook.com/djupidfiskvinnsla

## DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

FREYJU  
STERKUR  
DRAUMUR - 50 G  
**299**  
KR/STK  
5980 KR/KG



FANTA &  
FANTA EXOTIC  
500 ML  
**169**  
KR/STK  
338 KR/L



HARIBO  
120 G - 2 TEG  
**249**  
KR/STK  
2075 KR/KG



**COMBO**

PRETZEL CRISPS  
85 G - 2 TEG & VOGA  
IDÝFA-KRYDD 175 G

**599**  
KR/STK



NÓA  
TROMP  
45 G - 2 TEG  
**169**  
KR/STK  
3756 KR/KG



KIT KAT  
4 FINGRA  
41,5 G  
**99**  
KR/STK  
2386 KR/KG



COLLAB  
ÁSTARALDIN &  
LÍMÓNU 330 ML  
**249**  
KR/STK  
756 KR/L



NOCCO  
330 ML  
**329**  
KR/STK  
997 KR/L



## HRINGBRAUT

**20.00 Þjóðleikhúsið í 70 ár** Stórafmælis Þjóðleikhússins minnst í máli, myndum og upprifjun leikhússfélksins.

**20.30 Suðurnesja-magasín Vikurfréttu** Mannlíf, atvinnulíf og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.

**21.00 21 - Fréttabáttur á fimmtudegi** 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendir og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

**21.30 Hugleiðsla með Auði Bjarna** Leiðsögn um öndun, slökun og næringu andans.

**21.45 Bókin sem breytti mér** Bókin sem breytti mér fjallar um upphaldsbækur kunnra bóka-ormanna landsins.

## RÚV SJÓNVARP

**09.10 Enn ein stöðin**

**09.35 Ferðastíklur – Norðan ísafjardardjúps**

**10.20 Skólahreysti**

**10.45 Í garðinum með Gurrý III**

**11.15 Nautnir norðursins: Færeyjar – fyrri hluti**

**11.45 Jakob Jensen: hönnuður og arkitekt**

**12.15 Gengið um göturnar: Siglu-fjörður**

**12.45 Grænlenkshíbýli**

**13.15 Rabbabari: Birnir**

**13.30 Kastljós**

**13.45 Menningin**

**13.50 Úr Gullkistu RÚV: Inndjúpið**

**14.35 Heimaleikfimi**

**14.45 Gettu betur 2000. Úrlit.**

**MH - MR**

**16.00 Poppkorn 1986**

**17.05 Mósaik**

**17.40 Bitlarnir að eilífu – Love me do, Beatles Forever**

**17.50 Táknálsfréttir**

**18.00 KrakkaRÚV**

**18.01 Nýi skólinn**

**18.14 Fjölskyldukagginn**

**18.36 Maturinn minn**

**18.50 Krakkafréttir**

**19.00 Fréttir**

**19.25 Íþróttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**19.50 Menningin** Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu.

Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.

**20.00 Lögin í Eurovision**

**20.10 Matarmenning Austurlanda nær: Nigel Slater's Middle East**

**21.05 Sjö hliðar sannleikans: Seven Types of Ambiguity**

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veður**

**22.20 Útrás. Exit** Norsk þáttaröð um fjóra vini sem allir eru auðugir, fagna velgengni í starfi og eiga fjölskyldur. Þeim leiðist þó og leita útgönguleiða úr daglegu lífi sínu, meðal annars með ofbeldi, eiturlyfjum og kynlífi. Þættirnir eru byggðir á sönnum frásögnum úr norskum fjármálaheimi. Aðalhlutverk: Simon J. Berger, Agnes Kittelsen, Pål Sverre Hagen, Tobias Santelmann og Jon Øigarden. Þættirnir eru alls ekki við hæfi barna.

**22.55 Ósýnilegar hetjur: Invisible Heroes**

**23.45 Á hælum morðingja, Rellik**

**00.40 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**

**12.00 Dr. Phil**

**12.45 Four Weddings and a Funeral**

**13.30 Black-ish**

**14.05 The Late Late Show**

**14.50 Kokkaflakk**

**15.25 Líf kviknar**

**16.10 Malcolm in the Middle**

**16.30 Everybody Loves Raymond**

**17.15 How I Met Your Mother**

**17.40 Dr. Phil**

**18.25 The Late Late Show**

**19.10 Love Island**

**20.10 Áskoron**

**20.45 9-1-1**

**21.35 The Resident**

**22.20 Agents of S.H.I.E.L.D.**

**23.05 The Late Late Show**

**23.50 FBI** Bandarískur spennubáttur um liðsmenn bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, í New York. Frábær þáttaröð frá Dick Wolf, framleiðanda Law &#038;

Order og Chicago þáttaraðanna.

**00.35 Proven Innocent** Bandarísk þáttaröð um lögfræðinginn Madeline Scott sem berst með kjafti og klóm fyrir réttlæti.

**01.20 Law and Order. Special Victims Unit**

**02.05 Ray Donovan**

**03.00 The Walking Dead**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**

**06.50 Morgunvaktin**

**07.00 Fréttir**

**07.30 Fréttayfirlit**

**08.00 Morgunfréttir**

**08.30 Fréttayfirlit**

**09.00 Fréttir**

**09.05 Segðu mér**

**09.45 Morgunleikfimi**

**10.00 Fréttir**

**10.03 Veðurfregnir**

**10.13 Á reki með KK**

**11.00 Fréttir**

**11.03 Mannlegi þátturinn**

**12.00 Fréttir**

**12.02 Hádegisútlit**

**12.20 Hádegisfréttir**

**12.40 Veðurfregnir**

**12.50 Dánarfregnir**

**12.55 Samfélagið**

**14.00 Fréttir**

**14.03 Á tónsviðinu**

**15.00 Fréttir**

**15.03 Flakk**

**16.00 Síðdegisfréttir**

**16.05 Viðsjá**

**17.00 Fréttir**

**17.03 Lestin**

**18.00 Spegillinn**

**18.30 Útlit UngRÚV**

**18.50 Veðurfregnir**

**18.53 Dánarfregnir**

**19.00 Sinfóniukvöld. Á leið í tónleikasal**

**19.27 Sinfóniútonleikar**

**22.00 Fréttir**

**22.05 Veðurfregnir**

**22.10 Samfélagið**

**23.05 Lestin**

**00.00 Fréttir**

**00.05 Næturútlit Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.50 Muppets Take Manhattan**

**12.20 So B. It**

**13.55 The Big Sick**

**15.50 Muppets Take Manhattan**

**17.25 So B. It**

**19.00 The Big Sick**

**21.00 Ben is Back**

**22.40 Lion**

**00.35 Proud Mary**

**02.00 Ben is Back**

## STÖÐ 2

**08.00 Heimsókn**

**08.25 Masterchef USA**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 Gilmore Girls**

**10.05 Major Crimes**

**10.50 Út um viðan völl**

**11.20 Besti vinur mannsins**

**11.35 Divorce**

**12.05 Friends**

**12.35 Nágrannar**

**12.55 The Descendants**

**14.45 Inventor. Out for Blood in Silicon Valley**

**16.40 Friends**

**17.05 Friends**

**17.35 Bold and the Beautiful**

**18.00 Nágrannar**

**18.20 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.50 Sportpakkinn**

**18.55 Ísland í dag**

**19.10 Ástriður**

**19.35 Love in the Wild**

**20.25 Magnum P.I.**

**21.10 S.W.A.T**

**21.50 The Blacklist**

**22.35 Real Time With Bill Maher**

**23.40 Gasmamman**

**00.30 Killing Eve**

**01.15 Homeland**

**02.05 Nashville**

**02.45 Nashville**

**03.30 Nashville**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

**08.00 Barnaefni**

**20.00 Friends**

**20.20 Friends**

**20.45 The Middle**

**21.05 Supergirl**

**21.45 Réttur**

**22.45 Deadwater Fell**

**23.30 Friends**

**23.50 Friends**

**00.15 The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.10 Sportið í dag**

**09.10 Marc Bartra** Viðtalsþáttur frá La Liga á Spáni. Í þessum þætti er rætt við Marc Bartra, leikmann Real Betis.

**09.20 Inside Serie A Special**

**09.45 Juventus - Napoli**

**11.25 Chelsea - Tottenham**

**06/07 Bestu leikirnir í sögu ensku bikarkeppinnar, elstu og virtustu bikarkeppni heims.**

**11.50 Real Madrid - Manchester City**

**13.30 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur 2019/2020**

**13.55 Sportið í kvöld**

**15.00 Sportið í dag**

**16.00 La Liga. Top Vintage**

**Goals** Sérstakur þáttur sem mörg glæsileg mörk úr sögu spænsku úrvalsdeildarinnar eru rifuð upp.

**16.25 Katrín Tanja Davíðsdóttir** Þriðja þáttaröð þessara mögnuðu þátta þar sem skyggst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar.

**16.55 KR - Valur** Útsending frá leik KR og Vals í Pepsi Max deild karla.

**18.45 La Liga Clubs - Baskaland**

**19.15 Brasília** Þáttur þar sem bestu erlendu leikmennirnir í sögu spænsku úrvalsdeildarinnar eru skoðaðir. Í þessum þætti er fjallað um leikmenn frá Brasília.

**20.00 Sportið í kvöld**

**21.00 Chelsea - Portsmouth**

**09/10 Bestu leikirnir í sögu ensku bikarkeppinnar, elstu og virtustu bikarkeppni heims.**

**21.25 Evrópudeildin - fréttabáttur 19/20**

**21.50 LASK Linz - Manch. United**

**Kvikk**  
ON THE GO

**ORKAN**

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Raðið

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útlit Saga

FM 100,5 K100

# Vönduð hönnun á Kringlukasti

6. - 11. maí

Spring   
Copenhagen

*Nýtt!*

**20%**

kynningarafsláttur



ROYAL COPENHAGEN

LE CREUSET

GEORG JENSEN

WMF

Villeroy & Boch

ROSENDAHL

KitchenAid

**20% afsláttur af völdum vörumerkjum**  
*og frí heimsending!*

# KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is

S amkvæmt tölum sem fréttastofa RÚV hefur gert opinberar hafa þrjú af hverjum fjórum Íslendingum horft á einhvern af blaðamannafundum almannafræðinga sem voru vikum saman haldnir á versta hugsanlega sjónvarpstíma, klukkan nokkrar mínútur yfir 14.

Þættirnir hafa verið sýndir í línu- og dagskrá Ríkissjónvarpsins, á rúv.is, miðlum Sýnar og mbl.is en samanlagðar áhorfstölur eru þó ekki til svo áfram sé vitnað í fréttastofu ríkisins.

Hvergi nema á gersamlega forðæmalausum tímum gæti sjónvarpsþáttur sem hverfist um iskaldan og ógnvekjandi raunveruleika í umsjá embættisfólks náð öðrum eins vinsældum.

Þarna vegur vitaskuld þungt skjáþekki þríeykisins, Ólmu Möller, Þórólfs Guðnasonar og Víðis Reynissonar, í sinni yfirveguðu en um leið mannlegu nálgun auk þess sem þáttarstjórnandinn, Víðir sjálfur, virðist hafa svo hárfina skilning á grundvallarlögmálum sjónvarpsþáttagerðar að hann gæti hæglega haslað sér völlu sem svokallaður „showrunner“ í Hollywood.

#### Eftirsótt aukahlutverk

Vinsælasti þátturinn hingað til var á pálmásunnudag, 5. apríl, en þá kom Óskar Reykdalsson, forstjóri



Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sterkur inn í flóktandi aukahlutverkinu sem nokkrum útvöldum

hefur tekist að mergsjúga svo hressilega að landlæknirinn, yfirlögregluþjónninn og sóttvarnalæknir Íslands hafa mátt sitja í skugganum.

Gámabælið í Veiruhverfi hefur þannig ríghaldið dampi, áhuga og athygli áhorfenda með óvæntum uppákomum, eftirminnilegum og fjölbreyttum gestaleikurum, breytingum á sviðsmynd og mistökum í beinni að ógleymdum einbeittum senubjófnadarvilja sjálfskipaðra aukaleikara.

Þótt Gámabælið í Veiruhverfi geti ekki keppt við vinsæla þætti sem þeir draga dóm af í



umgjörð og persónusköpun má ætla að framreiknað miðað við höfðatölu komist pálmásunnudagsþátturinn nærri lokabætti Seinfeld og Staupasteins sem um 80 milljónir horfðu á. Þess má til gamans geta að MASH, hið eina sanna Spítalalíf, raut 100 milljóna múrinn fyrir margt löngu með lokabættinum.

#### Þriggja stjórnun skuggi

Þríeykið er orðið að heimilisvinum og fólk heilsar þeim hiklaust sem góðkunningjum á förnum vegi. Úr tveggja metra fjarlægð. Drammalíðið var þó ekki sett saman á einni nóttu og eftir á að hyggja er það fjarstæðukennt en þættirnir hófu göngu sína án þeirra þriggja.

Á fyrsta fundinum mættu nefnilega aðeins tveir. Þórólfur og Rögnvaldur Ólafsson, verkefnastjóri hjá almannafræðingadeild Ríkislögreglustjóra. Engin Alma og enginn Víðir!



Margrét Kristín Pálsdóttir, settur vararíkislögreglustjóri, var síðan Þórólfur

til halds og trausts í þætti tvö. Slík hlutverkaskipti eru þó síður en svo forðæmalaus í sjónvarpsþáttum. Hafþór Júlíus Björnsson lék ekkert



Stjórnurnar Víðir, Alma og Þórólfur hafa fengið fjölda aukaleikara með sér í þáttinn og eru hér með Guðlaugu Raket Guðjónsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Gámabælið í Veiruhverfi

Hráraunveruleikasjónvarpið Blaðamannafundur vegna COVID-19 lýtur lögmálum vinsælustu sjónvarpsþátta sögunnar.

Fjallið í upphafi Game of Thrones, svo nærtækt dæmi sé tekið.

Í vinsældum Gámabælisins er sú óbærilega þversögn fólgin að fólk getur alls ekki hugsað sér aðra seríu eða miklu lengra framhald yfirleitt. Fari hins vegar allt á versta veg ætti Þórólfur í það minnst að geta fundið huggun harmi gegn í bresku þáttunum Doctor Who.

Þrettán leikarar, tólf karlar og ein kona, hafa á tæplega 60 ára tímabili brugðið sér fyrirhafnarlítið í hlutverk Doctor Who þannig að jafnvel þótt veiran og þættirnir muni ítrekað endurnýja sig þá verður alltaf einhver doktor sóttvarnalæknir í góðu sambandi við WHO.

#### In medias res

Bókmenntasagan hefur fyrir lifandis löngu sannað notagildi hins ágæta stílbragðs in medias res sem felst einfaldlega í því að hefja söguna í miðjum klíðum og þeyta þannig áhorfendum inn í atburðarásina miðja.

Þessa leið fór RÚV með Gámabælið og byrjaði ekki að sýna beint frá fundunum fyrr en þegar fyrsta tilfellið greindist hér á landi.

#### 16:04

Tveir fyrstu þættirnir voru í útvarpinu, svona eins og forkeppni Gettu betur, en þriðji þátturinn var sýndur í beinni klukkan 16. Ekki alveg á slaginu samt þar sem ekki náðist að bjóða fréttamenn velkomna þegar fundurinn var truflaður með

þessum orðum: „Það þarf að bíða eftir fréttum.“

Útvarpsfréttir þurfa sinn tíma og fréttir RÚV taka um þrjár mínútur í flutningi síðdegis þannig að fundirnir hefjast yfirleitt örfáar mínútur yfir heila tímann. Fyrsti fundurinn byrjaði þannig 16:04 en þátturinn festi sig fljótt í sessi um klukkan 14. Þeim stað í dagskránni halda þættirnir enn þótt þeim hafi fækkað úr sjö í þrjá á viku.

Nánast undantekningalaust hefur verið boðið upp á leynigest, að hætti Hemma Gunn forðum. Í fyrsta þættinum féll sá heidur Guðlaugu Raket Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra meðferðarsviðs Landspítala, í skaut.

#### Góðir gestaleikarar...

Víðir hefur kynnt fjölda spennandi gestaleikara til leiks í þáttunum sem hafa haft margþættan tilgang í þeim. Í fyrsta lagi er vitaskuld einföld og skynsamleg leiktækni að geta skipt vel hvíldum og sérhæfðum skyttum inn á völlu til þess að geta hvílt langþreytta fyrirliðana.

Þá hefur Víðir og félögum tekist að byggja upp talsverða spennu í kringum leynigestaleikarana sem hafa komið úr öllum hugsanlegum áttum og sýnt um leið hvernig veiran snertir alla fleti tilverunnar.

Hvað eiga til dæmis Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Þorgrímur Þráinsson, rit-

höfundur og reykingaskynjari, og Guðni Th. Jóhannesson sameiginlegt? Jú, mikið rétt! Þau hafa öll stigið inn í aukahlutverki í Gámabælinu.



Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, var fljótur að festa sig í sessi með endurteknum innkomum og nafnbótinni

Punkta-Palli fyrir að vekja ekki síst athygli fyrir skipulega framgöngu og að hefja mál sitt með því að taka fram hversu marga punkta hann væri með hverju sinni.




Sigbrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, sló í gegn með magnaðri og áhrifamikilli ræðu en Kári Stefánsson var sjálfur sér líkur þegar hann fékk sitt móment og verður vart toppaður.



Sennilega hefur ekki stigið fram jafn kaldhæðinn sjónvarpslæknir og Kári síðan Hugh Laurie gerði hroka ómótstæðilega sjarmerandi með Dr. House. Persóna Kára var í raun svo margbrotin og djúp í þættinum að innkoma Norms í Staupasteini bergmálaði þegar Víðir gaf honum orðið.

Það fór ekki fram hjá neinum þegar Norm gekk í bæinn og þegar fagnaðarlátunum linnu beid salurinn ætíð í andaktugri þögn eftir að Norm segði eitthvað sniðugt.



... og seigir senubjófar Þótt þættirnir séu kenndir við blaðamenn og þeim boðið sérstaklega á settið hafa þeir í besta falli virkað sem slarkfærir statistar sem helst hafa réttlætt tilvist sína sem fallbyssufóður fyrir alvittra virka í athugasemdam.

Birni Inga Hrafnssyni tókst með viljanum einum saman að hefja sig yfir hina boðsgestina með leiftrandi og lærðum einræðum sínum.

Björn Ingi hefur gengist við því í útvarpsþættinum Harmageddon að honum hafi runnið blóðið til skyldunnar og byrjað að mæta á fundina til þess að lyfta spurningunum á hærra plan.

Sannkallaður happafengur þar sem hann breyttist fljótt úr statista í áhugaverðustu aukapersónuna með því að úthluta sjálfum sér öllum lengstu og bestu línunum og skjáttíma í samræmi við það.

Pólitískur keimur hefur á köflum verið af aðfararorðum Björns Inga að eigin spurningum og ekki loku fyrir það

skotið að hann hafi ekki aðeins náð að auglýsa vefmiðilinn sinn fyrir framan alþjóð, heldur stigið í leiðinni fyrstu skrefin í pólitískri endurkomu.

Hann hefur þannig ekki síst látið að sér kveða sem sérstakur talsmaður og fulltrúi almennings sem þrátt fyrir að vera ósýnilegur er bæði með netfangið hans og símanúmer þar sem hann tekur við fyrirspurnum til þríeykisins í slíkri sjálfbodavinnu að svörin sem hann fær virðast síðast hafa gagnast Viljanum hans þar sem lítið hefur fyrir þeim farið á þeim vettvangi.

#### Komið gott?

„Verið skilningsrík, kurteis og styðjum hvert annað. Þá mun kærleikurinn sigra,“ sagði Víðir í lokabætti daglegu seríunnar á sunnudaginn. Þessi fleygu lokaorð jafnast fyllilega á við bestu endalok sögulegra sjónvarpsþátta á heimsvísu.

„Verið hress, ekkert stress, bless,“ sagði Hemmi Gunn á sínum tíma en því miður erum við ekki enn komin þangað í Gámabælinu í Veiruhverfi þar sem ný sería hófst strax á mánudaginn og telur sú þrjá þætti í viku.

Vonandi stýttist samt í að Víðir Reynisson fái raunverulegt og kærkomið tækifæri til þess að endurtaka eina af fleygustu setningum sínum úr þáttunum: „Er þetta ekki bara komið gott?“

benediktboas@frettabladid.is  
toti@frettabladid.is



# MAMMUT

## SWISS 1862



Mammut Eiswand Advanced  
ML Hooded Jacket Women  
verð 37.995,-



Mammut Broad Peak Light  
IN Jacket Men  
verð 49.995,-



Mammut Broad Peak Light  
IN Jacket Women  
verð 49.995,-



Mammut Aconcagua Light  
ML Jacket Men  
verð 24.995,-



Mammut Courmayeur  
SO Pants Men  
verð 32.995,-



Mammut Pordoi  
SO Pants Women  
verð 29.995,-



Mammut Runbold Zip Off  
Hiking Pants Men  
verð 21.995,-



Mammut Albula  
HS Hooded Jacket Women  
verð 32.995,-



MAMMUT  
SWISS 1862



HEAD



EYEWEAR & HELMETS

HILLEBERG  
THE TENTMAKER



RUDY  
PROJECT



Skeifunni 6 · www.everest.is

## FRÉTTABLAÐIÐ

Skráðu þig á  
póstlistann og  
fáðu Fréttablaðið  
sent rafrænt á  
hverjum morgni.



Skráðu þig á  
frettabladid.is,  
á Facebook  
eða skannaðu  
QR kóðann.



Félagarnir kynntust í Brimborg þar sem Helgi var markaðsfulltrúi og Hjálmar sölufulltrúi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kynntust á bílasölu og hafa grínast síðan

Helgi Jean og Hjálmar Örn halda úti hinu geysivinsæla hlaðvarpi Hæ hæ – Ævintýri Helga og Hjálmars. Í dag eru þeir með sýningu í beinni, en þeir kynntust á bílasölu Brimborg fyrir 13 árum.

**H**elgi Jean Claessen og Hjálmar Örn Jóhannesson halda úti hinu vinsæla hlaðvarpi Hæ hæ – Ævintýri Helga og Hjálmars. Þangað fá þeir til sín marga góða gesti ásamt því að grínast sín á milli, en Hjálmar er maðurinn á bak við Hvítvínskonuna, en karakterinn skapaði hann og gerði vinsælan á samfélagsmiðlum. Í dag verða þeir með þátt í beinni, en hægt er að nálgast frekari upplýsingar á Facebook-síðu þáttarins. Helgi og Hjálmar hafa þekkt í þrettán ár.

„Við kynntumst á öruggum stað til að vera á, nánar tiltekið í Brimborg. Þá var Hjálmar aðalkallinn, sölustjóri í notuðum bílum og ég var nýráðinn markaðsfulltrúi í fermingarfötunum,“ segir Helgi.

„Við höfum báðir verið grínistar frá barnæsku. Okkur dreymdi báða um að verða frægir og fyndnir og hefur báðum misheppnast. Það styrkti vinaböndin.

**Mætir þegar hann hefur tíma**  
Þeir segja samstarfið ganga meira og minna vel flesta daga.

„Samstarfið gengur mjög vel. Ég sé um að halda utan um þetta og svo mætir Hjálmar þegar hann hefur tíma,“ segir Helgi.

„Við höfum rætt í síma eða hist á hverjum degi síðan 2007 og það hjálpar mikið upp á að halda þessum góða anda og gríni sem er okkar á milli,“ segi Hjálmar.

Þeir segjast blessunarlega ekki hafa lent í neinum flóknum uppákomum við upptökur á þáttunum.

„En ein óvæntasta uppákomun var þegar einn gestur mætti ekki

**EN EIN ÓVÆNTASTA UPPÁKOMAN VAR ÞEGAR EINN GESTUR MÆTTI EKKI OG VIÐ ÞURFTUM AÐ BÚA TIL HEILAN GESTAÞÁTT MEÐ ÞVI AÐ SPINNA HANN Á STAÐNUM MEÐ VIÐTÖLUM VIÐ ÓLÍKA KARAKTERA.**

Helgi

og við þurftum að búa til heilan gestaþátt með því að spinna hann á staðnum með viðtölum við ólíka karaktera, eins og Hvítvínskonuna og fleiri,“ segir Helgi.

Í þáttunum skiptast þeir á eftirminnilegum sögum, þótt það hafi ekki alveg gengið upp í eitt skiptið hjá Helga.

„Helgi sagði fjallgöngusögu og fór í þriggja þátta sögubann í kjölfarið,“ segir Hjálmar.

„Mín uppáhaldssaga frá Hjálmar er frá því að hann rændi barni. Eitt skipti hélt ég líka að ég fengi hjartaáfall í beinni þegar Hjálmar söng lag um sjálfan sig og ætlaði að stoppa innbrotsþjófa með hor á vörinni,“ segir Helgi.

**Langar að fá Björk í settið**

Nokkrir skemmtilegir gestir standa upp úr í huga Helga og er Eva Ruza skemmtikraftur ein af þeim.

„Ég gleymi aldrei sögunni af því þegar Eva Ruza píssaði undir þegar hún var nýbyrjuð í sambandi með kærastanum. Svo var sagan af því þegar Eva Laufey gerði misheppn-

aða tilraun til að smella kossi á Björgvin Halldórsson fyrir að hafa samþykkt hana á Facebook alveg frábær. Síðan var sagan af því þegar Pálmarr Ragnarsson festist inni á kvennaklósetti alveg stórkostleg,“ segir Helgi.

Báðir hafa þeir draumagest í huga þótt þeir séu af nokkuð ólíkum miðum.

„Ég myndi vilja fá Chris Farley í settið,“ segir Helgi, en það gæti reynst nokkuð erfitt þar sem Farley lést fyrir 23 árum.

Draumagestur Hjálmars væri söngkonan og þjóðarstolt Íslendinga, Björk Guðmundsdóttir.

„Ég var rétt í þessu að senda henni raddskilaboð á Instagram, ef þú sérð þetta, Björk, þá láttu mig vita í gegnum Insta á hjalmarorn110,“ segir Hjálmar glettinn.

**Góðir gestir**

Þeir segjast hafa haft það ágætt undanfarið, á þessum fordæmalausum tímum sem vonandi eru að mestu að líða hjá.

„Ég er með heimaskrifstofu og er að gera upp hús, þannig að það breyttist lítið hjá mér. Svo fórum við á stað með „pub quiz“ fyrir fyrirtæki í gegnum netið og það hefur algjörlega slegið í gegn. Þannig að hef ég haft það alveg frábært,“ segir Helgi.

Þeir eru að vonum spennir fyrir sýningunni sem fram fer í beinni í dag.

„Á sýningunni munum við taka léttar umræður, en það mun verða mikið um gestagang frá karakterunum okkar sem eru sívinsælir. Svo sem Hvítvínskonunni, Péttri á Útvarpi Sögu og fleirum sem léttu lífið,“ segir Helgi.

steingerdur@frettabladid.is

ALLT AÐ  
900.000 kr.  
AFSLÁTTUR!

DÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS

# HEILSAÐU SUMRI Á NOTUÐUM BÍL



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.  
Bílar okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



AFSLÁTTUR  
600.000 KR.

Rnr. 146490

**VW Golf Comfortline**  
Nýskr. 03/18, ekinn 59 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð: 2.990.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**2.390.000 kr.**

29.241 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
800.000 KR.

Rnr. 146256

**SUBARU Outback Premium Eyesight**  
Nýskr. 06/17, ekinn 79 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð: 4.090.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**3.290.000 kr.**

40.114 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
700.000 KR.

Rnr. 146264

**RENAULT Clio Sport Tourer**  
Nýskr. 01/16, ekinn 56 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð: 1.690.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**990.000 kr.**

12.329 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
800.000 KR.

Rnr. 146600

**TOYOTA Avensis Wagon Live**  
Nýskr. 05/17, ekinn 64 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð: 2.790.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**1.990.000 kr.**

24.409 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
600.000 KR.

Rnr. 146400

**NISSAN Micra Acenta**  
Nýskr. 05/17, ekinn 13 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð: 2.090.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**1.490.000 kr.**

18.369 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
900.000 KR.

Rnr. 121814

**HYUNDAI Santa Fe III Style**  
Nýskr. 10/17, ekinn 166 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð: 4.590.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**3.690.000 kr.**

44.946 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
600.000 KR.

Rnr. 146344

**SUBARU XV Premium**  
Nýskr. 06/17, ekinn 64 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð: 3.590.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**2.990.000 kr.**

36.490 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
600.000 KR.

Rnr. 146360

**NISSAN Pulsar Acenta**  
Nýskr. 03/18, ekinn 62 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð: 2.290.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**1.690.000 kr.**

20.785 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
600.000 KR.

Rnr. 146386

**FORD Focus ST-Line**  
Nýskr. 06/18, ekinn 73 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð: 2.490.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**1.890.000 kr.**

23.201 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
800.000 KR.

Rnr. 130192

**SUBARU Forester Premium**  
Nýskr. 04/15, ekinn 68 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð: 3.290.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**2.490.000 kr.**

30.450 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
800.000 KR.

Rnr. 146315

**NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd**  
Nýskr. 06/17, ekinn 73 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð: 3.990.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**3.190.000 kr.**

38.906 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
600.000 KR.

Rnr. 130189

**NISSAN Juke Acenta Plus 4wd**  
Nýskr. 04/16, ekinn 63 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð: 2.790.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**2.190.000 kr.**

26.825 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
900.000 KR.

Rnr. 146070

**RENAULT Kadjar Zen 4wd**  
Nýskr. 06/17, ekinn 92 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð: 2.890.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**1.990.000 kr.**

24.409 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
900.000 KR.

Rnr. 145985

**NISSAN X-Trail Acenta 4wd**  
Nýskr. 05/15, ekinn 92 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð: 2.890.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**1.990.000 kr.**

24.409 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
900.000 KR.

Rnr. 110309

**RENAULT Talisman Intens 200 hö**  
Nýskr. 12/17, ekinn 31 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð: 4.890.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**3.990.000 kr.**

48.570 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

Lykill

Allt að 80% lán

Ástandsskoðun

Fjármögnun á staðnum

Opnunartímar:  
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18  
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bíland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík  
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.facebook.com/bilaland.is

**bíland**

\*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílanna frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

BYKO

Sumarið er komið!

# Nýtt blað á byko.is



Sæktu um á byko.is

Nýtt í BYKO

Nú er hægt að fá allar vörur til framkvæmda, ráðgjöf og fjármögnun á einum stað því BYKO býður, í samstarfi við Greiðslumiðlun, upp á hagkvæmt framkvæmdalán sem einstaklingar geta sótt um á byko.is

## Framkvæmdalán til einstaklinga

-Vörur og fjármögnun á einum stað



HEILDSTÆÐ HÖNNUN

### Ertu á leið í framkvæmdir?

Framkvæmdaráðgjöf fyrir einstaklinga er ný þjónusta í samstarfi við Heildstæða hönnun

Gísli Álfgeirsson veitir ahlíða ráðgjöf varðandi allt sem þarf að hafa í huga í framkvæmdum, t.d. hvort kalla þurfi til smíð, pípara eða rafvirkja, hversu langan tíma framkvæmdin taki eða hver er mögulegur kostnaður.

Engin verk of stór eða lítil

Skráðu þig á: [www.byko.is/framkvaemdaradgjof](http://www.byko.is/framkvaemdaradgjof)



### Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Alþingi samþykkti nýlega lög sem kveða á um tímabundna hækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts, úr 60% í 100%. Endurgreiðslan er af vinnu manna við íbúðarhúsnæði sem veitt er á tímabilinu 1. mars til og með 31. desember 2020.


Nánari upplýsingar á [www.rsk.is](http://www.rsk.is) og hjá ríkisskattstjóra. Gerum þetta saman!

Auðvelt að versla á byko.is

# Við sýnum ábyrgð og stöndum með almannavörnum

Við höfum skipt verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu í nokkur afmörkuð svæði fyrir viðskiptavinum. Hvert svæði hefur séringang og ekki er hægt að fara á milli þeirra nema í gegnum inngang hvers svæðis fyrir sig. Að tilmælum yfirvalda gætum við þess að einungis 50 einstaklingar eru inni á hverju svæði á sama tíma.

Við höfum stóraukið þrif í öllum verslunum okkar og hafa viðskiptavinir aðgang að handspritti víða. Allar kerrur og aðrir snertifletir eru sótthreinsaðir reglulega af starfsfólki.



Verslaðu í vefverslun BYKO

**SENT** **ALLA DAGA**  
**HEIM**

Pantaðu fyrir **kl. 14:00** alla daga vikunnar og þú færð vöruna **samdægurs** á höfuðborgarsvæðinu. Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr



Það er líka hægt að

**PANTA & SÆKJA**  
í BYKO Breidd

Hægt er að sækja pantanir í BYKO Breidd við vörumóttöku við suðurgöfl á afgreiðslutíma verslunar.

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

